

Lokaverkefni til B.S. - gráðu í viðskiptalögfræði

við Háskólann á Bifröst

Haustið 2010

Um eignarhæfi vatns

Höfundur: Snorri Snorrason

Leiðbeinandi: Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Staðfesting lokaverkefnis
til B.S. – gráðu í viðskiptalögfræði

Lokaverkefnið:

Um eignarhæfi vatns

Eftir:

Snorra Snorrason

Lokaverkefnið hefur verið metið samkvæmt
kröfum og reglum Háskólans á Bifröst

og hlotið lokaeinkunnina _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Lokaverkefni til B.S. - gráðu í viðskiptalögfræði

við Háskólann á Bifröst

Haustið 2010

Um eignarhæfi vatns

Höfundur: Snorri Snorrason

Leiðbeinandi: Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Ágrip

Í lokaverkefni þessu er leitast við að svara því, í hvaða formi, mynd, stöðu eða rennsli, vatn sé hæft til eignar. Hver geti átt það og hverskonar réttindi er eðlilegt að aðili eða aðilar, hafi yfir því að ráða, þegar horft er til eðlis þess og þýðingar. Í fyrsta kafla meginmálsins er ljósi varpað á eignarhæfishugtakið sjálft og viss sjónarmið sem áhrif geta haft á það hvort hlutir teljist hæfir til að vera eignir. Þá er kannað, á hvaða grundvelli þyrfti að byggja eignarrétt að vatni. Næst er farið í það að ákvarða eignarhæfi sérhverrar myndar vatns, vegna hins mjög svo sérstaka eðlis þess að koma fyrir í mörgum myndum. Að því loknu er vikið að því hvernig næstu nágrannaþjóðir okkar hafa tekið á spurningunni um eignarhæfi vatns og hagað vatnalöggjöf sinni. Síðasti kafli meginmálsins er svo tvískiptur. Fyrst eru kynntar helstu eignarstefnur sem fram hafa komið í íslenskum vatnsrétti og síðan til hvaða sjónarmiða þurfi að líta þegar aðila eða aðilum er játaður réttur yfir vatni. Ennfremur því, hverjir teljist hæfir til að fara með slíkan rétt. Í lokin eru svo niðurstöður settar fram, þar sem meginreglan er fundin vera óeignarhæfi vatns, þó með undantekningum eins og gjarnan er með slíkar reglur.

Formáli

Lokaverkefni þetta er 8 ECTS eininga ritgerð til B.S.- gráðu í viðskiptalögfræði við lagadeild Háskólans á Bifröst. Viðfangsefni hennar er eignarhæfi vatns.

Þrjár deilur á sviði íslensks eignarréttar hafa verið þær „þrjár stóru“ ef svo mætti segja. Þetta eru, deilan um heimildir til fisksins í sjónum, deilan um mörk eignarlanda og þjóðlenda og síðast en ekki síst, deilan um eignarrétt að vatni. Sú deila hófst um mót 18. og 19. aldar, þegar í ljós kom að í fallvatni landsins lágu óvirkjuð verðmæti og hafin var vinna að heildarlöggjöf um eignarhald og fyrirkomulag íslenskra vatnamála. Sex ár tók að fá þá löggjöf samþykkt af Alþingi, þó aldrei yrði raunveruleg sátt um deiluefnið sem samþykkt laganna tafði. Deiluefnið var hvort játa ætti landeiganda eignarrétt að vatni á landi sínu eða aðeins þrengri eignarheimildir í ljósi sérstaks eðlis þess og þýðingar. Niðurstaðan varð sú að kalla réttinn, umráða- og hagnýtingarrétt og tóku löggin gildi árið 1923. Árið 2006 var svo lagt fyrir Alþingi frumvarp að nýjum vatnalögum þar sem nefna átti rétt landeiganda eignarrétt og vaknaði þá gamla deilan við aftur. Frumvarpið var samþykkt en gildistöku laganna frestað vegna ósættis um innihaldið og síðan frestað aftur og nú síðast til 1. október, ársins 2011.

Vaknaði í kjölfarið, áhugi undirritaðs á því að rannsaka spurninguna sem æ ofan í æ hefur verið spurt að í þessari hundrað ára gömlu deilu, þ.e. hvort vatn hefði yfirhöfuð hæfi til þess að teljast eign einhvers. Var það mat mitt að svar við þessari spurningu væri nauðsynlegt, áður heldur en hægt yrði að hefjast handa við að breyta eldri löggjöf og von mín jafnframt, að ritgerð þessi yrði verðug viðbót við fræðilega umræðu, sem fram ætti eftir að fara í aðdraganda ákvörðunar löggjafans árið 2011, um gildistöku nýrra vatnalaga og eignarréttarlegrar stöðu vatns.

Einlægur þakkir vill ég færa þeim sem aðstoðað hafa mig við gerð ritgerðarinnar. Leiðbeinanda mínum Þorbjörgu Ingu Jónsdóttur hrl. fyrir hennar handleiðslu og leiðsögn. Ásgeiri H. Reykfjörð hdl., Unnari Stein Bjarndal hdl. og Torfa R. Sigurðssyni hdl. fyrir efnisyfirllestur og góðar ábendingar. Ingólfi H. Matthíassyni kennara fyrir textayfirllestur. Andreu Jóhannsdóttur og Olgu M. Ingólfssdóttur á bókasafni Háskólans á Bifröst og starfsmönnum Þjóðarbókhlöðu og Lögbergs fyrir aðstoð með heimildir.

Bifröst, 13. desember 2010

Snorri Snorrason

Efnisyfirlit

1. Inngangur	- 1 -
2. Eignarhæfi	- 2 -
2.1. Hæfi viðfanga til eignar	- 2 -
3. Grundvöllur eignar	- 3 -
3.1. Eignargrundvöllur og þýðing vatns	- 3 -
3.1.1. Náttúru réttur	- 4 -
3.1.2. Vildarréttur	- 5 -
3.1.3. Eignarhæfi vatns í ljósi þýðingar	- 6 -
4. Eignarhæfi vatns	- 8 -
4.1. Eðli vatns og eignarhæfi	- 8 -
4.2. Vatn í gufuhvolfinu	- 9 -
4.2.1. Eignarhæfi vatns í gufuhvolfinu	- 11 -
4.3. Vatn á yfirborði jarðar	- 11 -
4.3.1. Yfirborðsvatn í rómverskum rétti	- 11 -
4.3.2. Rómversk áhrif	- 12 -
4.3.3. Skiptar skoðanir íslenskra fræðimanna	- 13 -
4.3.4. Yfirborðsvatn og íslenskir dómstólar	- 16 -
4.3.5. Eignarhæfi vatns á yfirborði jarðar	- 21 -
4.4. Vatn undir yfirborði jarðar	- 22 -
4.4.1. Eignarhæfi vatns undir yfirborði jarðar	- 23 -
4.5. Vatn í föstu formi	- 25 -
4.5.1. Eignarhæfi vatns í föstu formi	- 25 -
4.6. Nágrannaþjóðir og eignarhæfi vatns	- 25 -
4.6.1. Eignarhæfi vatns í augum nágranna	- 29 -
5. Eignarstefnur og eigendur að vatni	- 30 -
5.1. Eignarstefnur	- 30 -
5.1.1. Séreignarstefnan	- 30 -
5.1.2. Allsherjarstefnan	- 31 -
5.1.3. Stefnan um óeignarhæfi vatns	- 32 -
5.2. Eigendur að vatni	- 33 -
5.2.1. Löghæfi aðila til eignar	- 33 -
5.2.2. Ríkis- eða þjóðareign	- 33 -
5.2.3. Forsjáráðilar vatns	- 36 -

6. Niðurstöður.....	- 37 -
7. Heimildaskrá	- 41 -
8. Lagaskrá	- 46 -
9. Dómaskrá.....	- 47 -
10. Fylgiskjöl.....	- 47 -

1. Inngangur

Dropi lífsins. Ekkert lifir án vatns og mikilvægi þess hlýtur þannig að standa jafnfætis lífinu sjálfu, sem hæst gæða er talið. Eðlilegt er því að öll umræða um eignarhald á vatni sé viðkvæm umræða. Um vatn gilda í dag vatnalög nr. 15/1923, sem sex ár tók á sínum tíma að ná sátt um.¹ Öll sex árin, snérist deilan í meginatriðum um sömu spurningarnar, þ.e. hve langt ætti að ganga í því að játa landeiganda eignarráð yfir vatni á landi sínu og hvort vatn væri yfirhöfuð hæft til eignar.

Grundvöllur frumvarpsins sem varð að lögnum og samið var endanlega af Einari Arnórssyni, byggði á vinnu nefndar sem sett var á fót árið 1917 og starfaði til ársins 1919, undir heitinu *Fossanefnd*. Klofnaði nefndin í meiri- og minnihluta, þar sem minnihlutinn taldi að játa ætti landeiganda eignarrétt að vatni á landi sínu en meirihlutinn taldi vatn á margan hátt óeignarhæft og eiga að heyra til ríkisins. Sammæli varð aldrei um inntak þess réttar sem játaður var landeiganda yfir vatni á landareign sinni en hann var kallaður umráða- og hagnýtingarréttur. Né var komist að niðurstöðu um það hvort vatn hefði yfirhöfuð, hæfi til eignar.

Árið 2006 var svo lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra vatnalaga þar sem nefna átti réttinn að vatni á landa eign, eignarrétt. Hófst þá sama deilan aftur og aftur var spurt sömu spurninganna Voru löggin samþykkt en gildistöku þeirra frestað vegna ósættis um inntak réttarins og síðan frestað aftur og nú síðast til ársins 2011. Í kjölfarið vaknaði áhugi undirritaðs á því að rannsaka spurninguna um eignarhæfi vatns, í ljósi þess að svarið við henni hlyti að vera byrjunarreiturinn að öllum öðrum svörum um eignarhald á vatni. Í þessari ritgerð er því ætlun höfundar:

Að freista þess að svara því, í hvaða formi, mynd, stöðu eða rennsli, vatn sé hæft til eignar. Hver geti átt það og hverskonar réttindi er eðlilegt að aðili eða aðilar, hafi yfir því að ráða, þegar horft er til eðlis þess og þýðingar ?

Til að svara þessum spurningum, þurfti að liggja ljóst fyrir höfundi, hvað stjórnaði hæfi hluta til eignar og á hvaða grundvelli slíkur réttur yfir vatni yrði byggður. Hæfi hversrar vatnsmyndar til eignar þurfti síðan að ákvarða sérstaklega. Réttarsamanburður við skyld réttarkerfi er gagnlegur þegar tekist er á við erfiðar lögfræðilegar spurningar og var því norskur, sænskur og danskur réttur rannsakaður. Þá var rýnt í þær stefnur sem uppi hafa verið í íslenskum rétti um eignarhald á vatni og reynt að sjá hver eða hverjar þeirra voru ráðandi við samþykkt gömlu vatnalaganna. Að lokum skoðað, hvaða aðilar hafa hæfi að lögum til að fara með rétt yfir vatni og forsjá þess.

¹ Hér eftir verður vísað til laga nr. 15/1923 sem hinna (gömlu vatnalaga).

2. Eignarhæfi

2.1. Hæfi viðfanga til eignar

Viðfangsefni mannsins verða vart tæmandi talin. Efnislega mætti segja þau allt sem skilningarvit hans fanga og óefnislega allt sem hugur hans skapar. Þessi viðföng hafa gildi fyrir manninn og má því segja að hugmyndin um eign hafi orðið til löngu áður en siðaboð og lög kölluðu rétt til eignar, eignarrétt.² Má sennilega rekja eignarhugmyndina allt til þess tíma sem maðurinn fór að nýta sér verkfæri og ferðast með þau með sér, þannig að ákveðið verkfæri fékk nánari tengsl við einn aðila umfram annan. Allar götur síðan hefur svo verið deilt um það hvað geti talist til eignar ákveðins manns og hvort til séu viðföng eða hlutir sem eigi að vera undanþegnir því að geta talist eignir. Eigi að tilheyra engum nema sjálfum sér, eða jafnvel öllum.

Af þessari árpúsunda gömlu deilu er orðið „eignarhæfi“ dregið, þ.e. hvort viðfang eða hlutur sé hæfur til að teljast eign samkvæmt þeim hugmyndum sem maðurinn telur réttar á hverjum tíma. Jafnvel hvort ævarandi lögmál setji því skorður, hvað sé hægt að fella undir hugtakið eign óháð því hvað maðurinn telur rétt hverju sinni. Að ákveðin náttúruleg lögmál kveði á um það hvernig hlutum og viðföngum skuli háttá til eignar og sé gegn því farið, sé það ónáttúrulegt, jafnvel þó maðurinn viðurkenni það með manasetningum þess tíma. Gott dæmi um þetta er þrælshald, eign eins manns á öðrum og öllum þeim ávöxtum sem hinn eignaði maður ber, með holdi sínu eða vinnu. Samfélag og löggjöf hinna ýmsu tíma hafa þannig samþykkt slíkt fyrirkomulag.³

Þrælar voru þannig taldir til efnislegra eigna í lögbók *Jústinaníusar* Rómarkeisara og um þá er ítarleg reglusetning, t.d. hvað varðar eignun þeirra sem stríðfangs, meðferð þeirra og lausn.⁴ Í dag myndum við telja allar slíkar reglur út í hött og stríða gegn siðferði og mannréttindum. Þó lög í Bandaríkjunum hafi heimilað slíkt allt til ársins 1865, aðeins tæpum hundrað og fimmtíu árum frá deginum í dag. Sem betur fer er öldin önnur og þrátt fyrir að þrælshald þrífist einhvers staðar og í einhverri mynd, þá hefur alþjóðasamfélagið horfið frá því að telja grundvöll fyrir því að einn maður geti verið annars eign. Í raun, að frelsi hvers manns sé honum áborin réttindi og að þrælkun hafi ávallt verið andstæð eðli mannsins. Grundvöll hafi í því ávallt skort, þar sem maður hafi aldrei geta talist eignarhæfur, þrátt fyrir að einstök samfélög samþykktu slíkt. Af þessu leiðir að rannsókn „grundvallar“ gæti verið góður staður til að byrja á, þegar á að meta hæfi viðfangs eða hlutar til eignar. Ætti slíkt að eiga jafnt við vatn, eins og öll önnur efnisleg og óefnisleg viðfangsefni mannsins.

² Um notkun hugtaksins viðfang, sjá Ragnar Árnason, (2001), bls. 461.

³ Talið er að fyrstu skráðu reglurnar um þrælshald sé að finna í lögum Hammurabi Babýlon konungs 2250 árum fyrir Kristsburð. Sjá Cook, S.A. (1903). bls. 153-179 og sem dæmi 7. lögmálið, um verslun við þræl.

⁴ Jústinaníus, F.P.S. (1896), bók 1 – kafli 3, § 2-5, sem dæmi. Ákvæði finnast raunar í öllum fjórum bókunum.

3. Grundvöllur eignar

3.1. Eignargrundvöllur og þýðing vatns

Þegar ákvarðað er um hæfi flestra viðfanga og hluta til eignar, leitar ákvarðandinn jafnan til hins lagalega ramma sem samfélagið hefur komið sér upp. Sá rammi á samkvæmt áhöfnuðu hlutverki sínu, að hafa þann réttargrundvöll sem þarf til ákvörðunar um eignarhæfi nánast allra þeirra viðfanga sem finnast í umhverfi ákvarðandans og huga. Því ætti ekki að vera flókið að ákvarða um eignarhæfi svo venjulegs lífsfyrirbæris sem vatn er. Vandræði verða þó fljótlega á vegi ákvarðandans þegar uppvíst verður að grundvallar ósætti ríkir um sjálfan eignargrundvöllinn að vatni. Menn skiptast þar í meginráttum í tvær fylkingar.

Í annarri fylkingunni eru þeir sem segja að vatn sé engu frábrugðið öðrum fyrirbærum og að í öllum tilvikum geti mannaetningar í lögum, ákvarðað það eignarfyrirkomulag, sem á skuli hafa. Í hinni fylkingunni eru þeir sem segja að vatn sé eitthvað sem náttúran ætlaði mönnum öllum saman, óheftan aðgang að, líkt og loftinu. Engar setningar manna í lögum geti veitt einum manni ríkari rétt til þess en þeim næsta. Slíkt sé í raun ofar þeirra eigin ákvörðunarvaldi og felist í náttúrulegum rétti þeirra til tilvistar. Slíkar raddir hafa orðið æ háværi í alþjóðasamfélaginu undanfarin ár og mátti greinilega heyra þær í íslensku samfélagi þegar frumvarp til laga nr. 20/2006, þ.e. hinna nýju vatnalaga, lá fyrir Alþingi í lok ársins 2005.⁵ Þegar umræðan um nýju vatnalögin barst út í þjóðfélagið, tók stór hópur félagasamtaka sig saman og hélt ráðstefnu um vatn, ásamt því að gefa út yfirlýsingu undir heitinu „vatn fyrir alla“. Þessi yfirlýsing varð svo hluti af umsögn hópsins til frumvarpsins sjálfs, þar sem m.a. sagði:

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi, heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi eins og kveðið er á um í samþykktum sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. [...] Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.⁶

Síðasti málsliður þessarar tilvitnunar er svo að mestu leyti efnislega samhljóða 1. mgr. aðfararorða vatnatilskipunar Evrópusambandsins.⁷ Þar segir orðrétt, „vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara, heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka“.

⁵ Hér verður vísað til laga nr. 20/2006 sem hinna (nýju vatnalaga).

⁶ Fylgiskjal 1. – Umsögn Samtaka um yfirlýsinguna „vatn fyrir alla“. 132. löggjafarþingi, þskj. 281- 268. mál. Erindi nr. 132/215, bls. 1-2.

⁷ Fylgiskjal 2. - Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins, 2000/60/EB frá 23. október, um aðgerðarramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Sjá 1. mgr. aðfararorða tilskipunarinnar.

Deila fylkinganna um eignarhald á vatni er raunar hluti af mun eldri deilu. Sú deila lítur ekki aðeins að vatni, heldur að því hvort manningnum séu yfirhöfuð, áhöfnuð ákveðin grundvallarréttindi með því einu að vera til. Að réttindi felist þannig í eðli tilvistar hans og séu í þeim skilningi, náttúruleg. Á hinn veginn, hvort slík hugmynd sé í raun ótæk, vegna þess að hugtakið „réttindi“ séu í raun hugmynd mannsins sjálfs, þ.e. mannasetning sem ekki hafi sjálfstæða tilveru. Hér er að birtast ein af elstu deilum réttarheimspekinnar, deilan á milli náttúru- og vildarréttar. Í raun þyrfti að fara hálfu árþúsundi fyrir Kristsburð, til grísku heimspekinganna til þess að leita að upphafi þessarar deilu, í ræðu og riti.⁸ Að fara svo langt aftur yrði þó of langt mál hér og betra að vísa til hugmynda þeirra spekinga sem byggðu ofan á gömlu hugmyndirnar.

3.1.1. Náttúruréttur

Einn af þeim sem fór í farabroddi náttúruréttarins var enski heimspekingurinn John Locke. Hann setti fram hugmyndir um eignarrétt sem náttúrulegan rétt sem myndaðist óháð lögum. Í fimmta kafla rits hans, *Ritgerð um ríkisvald* er að finna eftirfarandi klausu um náttúrurétt og sameignarhugtakið sem er hugtak sem við eigum eftir að mæta aftur og aftur, í allri umfjöllun og deilu um eignarhald á vatni:

Guð hefur gefið mönnum veröldina til *sameignar* [...] Jörðin og allt á jörðinni er mönnum gefið til að þeir geti haft af lífsviðurværi og lífspægindi. Og þótt öll þau aldin sem jörðin framleiðir og öll þau dýr sem hún elur, *tilheyri mannkyni sameiginlega þar sem þau spretta fram úr skauti náttúrunnar*, og þótt enginn hafi frá öndverðu einkarétt yfir neinu þeirra, meðan þau eru þannig ósnortin í náttúrunni... [...].⁹ [Leturbreyting mín, S.S.]

Hér má greinilega sjá tengingu við orðin sem er að finna í vatnatilskipun Evrópusambandsins, samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2002 og yfirlýsingunni „vatn fyrir alla“ frá árinu 2005.¹⁰ Locke telur þannig einkaeign ekki hafa verið til í upphafi, heldur að mennirnir hafa átt allt í sameign. Stefnubróðir hans, franskur heimspekingurinn Jean-Jacques Rousseau var honum sammála í þeim efnum og ritaði þungum pennastrokum í ritgerð sinni *Orðræða um ójöfnuð*:

Sá fyrsti sem fékk þá hugmynd að girða af jarðskika og segja: „Þetta er mín eign“ ... og fann svo menn, sem voru nógu grunnhyggjir til að trúá honum, er hinn sanni forkólfur borgaralegs samfélags. Hve mörgum glæpum, morðum og hryllingi, hvílkri ógn og eynd hefði sá maður getað hlíft mannkyninu við, er rífið hefði upp stauranna og fyllt upp í skurðinn og hrópað til meðbræðra sinna: „Gætið yðar! Hlustið ekki á flagara þennan...“

⁸ Aristóteles, (1941), bls. 1370, bók 1 – kafla 12, ræða 13 (1373^b - 13), *Rhetorica* og Platón, (1977), bls. 113-116, samræður 483-485, *Gorgías*. Sjá einnig Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 9-12.

⁹ Locke, J. (1993), bls. 67, § 26 (§ - fyrir málsgrein). Sjá einnig umfjöllun Waldron, J. (1988), bls. 141-143.

¹⁰ Fylgiskjal 3. – Samþykkt Sameinuðu þjóðanna um réttinn til vatns, frá 26 nóvember, árið 2002. Frekari túlkun á 11. og 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Sjá einkum 1., 2. og 11. mgr.

... þið eruð glötuð, ef þið gleymið því, að ávextir jarðarinnar eru eign okkar allra og jörðin tilheyrir engum einum manni“.¹¹ [Þýðing og leturbreyting mín, S.S]

Þrátt fyrir að Rousseau sé nokkuð harðorður í garð einkaeignarinnar, má út úr þessum tveimur tilvitnunum lesa þær hugmyndir sem liggja náttúru réttinum til grundvallar. Að mannum séu ákveðnar reglur æðri og ekki á hans valdi að breyta. Þær áhafni hverjum manni rétt til tilvistar og vissra samgæða sem ekki verði af honum tekin með mannlegu valdi. Þekktasta slíka reglan er án efa mannhelgisregla fimmta boðorðsins, „þú skalt ekki mann deyða“.¹² Um rétt hvers manns til lífs. Þú vilt lifa, hann vill lifa. Friðhelgi hans og þín hefur því gildi í sjálfri sér og liggur í eðli ykkar. Það skal þannig í sið þínum sem manns að virða mannhelgi. Samkvæmt náttúru réttinum eru lög og siðferði því bundin svo órjúfanlegum böndum, að lögleysa skulu þau lög teljast og óbindandi vera, sem valdhafar setja og siðferðilega eru röng.¹³

3.1.2. Vildarréttur

Eins og áður sagði er náttúru rétturinn æðri og óháður vilja mannsins. Ólíkt því lítur vildar rétturinn einmitt vilja og ásetningi mannsins, þ.e. vild hans.¹⁴ Vildarréttarleg regla er þannig sett með vilja og vitund mannsins, oftast á skýran og ákveðinn hátt, með setningarferli eða þróun.¹⁵ Gildi hennar hefur ekkert með æðri lögmál eða siðferði að gera og stendur sjálfstætt með réttri setningu. Siðferði getur engu að síður hafa mótað umhverfi yfirvaldsins sem setti hana en er aldrei einhlítur grundvöllur þess að hún geti talist gild réttarregla.

Formlega rétt sett lagaregla, getur því talist til gildandi réttar, þrátt fyrir að hún sé siðferðilega röng.¹⁶ Gildi hennar stafar einungis af valdbærni yfirvaldsins sem setti hana og formreglum réttarkerfisins sem hún verður hluti af. Í þessum skilningi yrði aldrei hægt að byggja rétt á einhverjum æðri lögmálum sem alltaf hefðu verið til staðar, slíkur réttur þyrfti alltaf að hafa stafað frá bæru yfirvaldi. Hvort sem það væri mannhelgi eða réttur til eignar. Enski heimspekingurinn Thomas Hobbes, einn helsti forkólfur vildarréttarins taldi þannig að eign gæti aðeins orðið til með því að yfirvald skipaði hana í skjóli þess valds sem það þægi frá samfélaginu. Eftirfarandi orð, má finna í riti hans, *Leviathan*:

¹¹ Rousseau, J.J. (1994), bls. 55, hluti 2, § 1, í ritgerðinni *Orðræða um ójöfnuð* í enskri þýðingu Franklin, P.

¹² Regluna má finna í nánast öllum réttarkerfum í einhverri mynd. Einkar skýrt dæmi er að finna í 1. kápítula mannhelgisbálkar Jónsbókar, þar sem segir: „Það er fyrst í mannhelgi vorri að vor landi [...] skal friðhelgur vera við annan utan lands og innan lands. Sjá Már Jónsson, (2004), bls. 101.

¹³ Grotius, H. (1918), bók 2 – kafli 5, § 1. Hart, H.L.A. (1955), bls. 182 og Sigurður Línadal, (2007), bls. 65.

¹⁴ Tómas af Aquino, (2004), bls. 64, spurning 90 – svar 3. Þar sem Tómas segir: „En að réttu heyrir það viljanum til að knýja menn til breyttni, [...] þess vegna heyrir lögin skynseminni ekki til, heldur viljanum“.

¹⁵ Sigurður Línadal, (2007), bls. 66, og Wacks, R. (2005), bls. 42-43.

¹⁶ Sigurður Línadal, (2007), bls. 69 og Hart, H.L.A. (1994), bls. 12.

Dreifing þessara lífsnærandi gæða, er grundvöllur þess sem er mitt og þitt og hans, (þ.e. í einu orði *eignir*) og *heyrir til yfirvalds í hverju samfélagi*. Því þar sem samfélag er ekkert, þar geisar ævarandi stríð sérhvers manns gegn nággranna sínum og heyrir hver hlutur þeim til, sem honum nær og getur með valdi haldið, en það er hvorki eignarhald né samfélag heldur óöryggi. [...] *Því sjáum við að eign verður til sem afleiðing af samfélaginu*, sem ekkert getur gert nema í gegnum mannlega persónu þess sem kemur fram í yfirvaldsins nafni, *hún er einungis athöfn yfirvalds, mynduð af lögum, sem engin getur sett nema sá sem með yfirvaldið fer*.¹⁷ [Þýðing og leturbreyting mín, S.S]

Við sjáum að hugmyndir Hobbes um grundvöll eignarréttarins eru á öndverðum meiði við hugmyndir Locke og Rousseau. Hér er enginn náttúrulegur grundvöllur eignarréttar, þar sem hverjum manni eru úthlutuð ákveðin algild og ævarandi réttindi, sem hann skal eiga á grundvelli tilvistar sinnar. Rétturinn stafar þannig frá yfirvaldinu, frá mönnum völdum af samfélaginu til að setja lög.¹⁸ Grundvöllur eignarréttar samkvæmt þessari skilgreiningu, er einfaldlega lagasetning.

3.1.3. Eignarhæfi vatns í ljósi þýðingar

Tvær hugmyndir eru því uppi um hvers eðlis grundvöllurinn skuli vera sem eignarréttur verður á byggður. Önnur stefnan segir eignarréttinn náttúruleg mannréttindi, eins og réttinn til lífs og frelsis. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að segja að öll réttindi mannsins, séu í raun eignir hans. Locke segir t.d. í áður nefndu riti sínu, „þá hefur hver maður, með því að vera eigin herra og eigandi sjálfs síns, athafna sinna og vinnu, í sjálfum sér, fólgin grundvöll eignarréttarins“.¹⁹

Vildarstefnan segir aftur á móti að eignarréttur sé kominn úr vitund mannsins, rétt eins og lögin og lög þurfi til að vernda eignarrétt. Grundvöllur eignarréttar sé því lagasetning. Ennfremur þurfi loforð til þess að um eignarrétt geti verið að ræða og til þess að geti verið um loforð að ræða, þurfi að vera um mannlegt samkomulag að ræða. Með öðrum orðum að einhver annar en sá sem lýsi sig eiganda, skuli lofa (skuldbinda sig til þess) að láta eignina vera. Einhliða yfirlýsing um að einhver eigi eitthvað, geti ekki myndað nein rétt.²⁰ David Hume taldi því eignarrétt og loforð í þessum skilningi, svo óaðskiljanleg, að án annars væri hitt ekki til. Loforð og eign væru því ekki náttúruleg fyrirbæri, heldur mannasetningar.²¹

En hér erum við þótt ótrúlegt sé, að nálgast sameiginlegan grundvöll. Hugo Grotius, annar boðberi náttúruréttarins, leit þannig á eignarréttinn sem samkomulagsatriði eins og fram kemur í

¹⁷ Hobbes, T. (1994), bls. 160, hluti 2 - kafli 24, § 5, *Of the nutrition and procreation of the Commonwealth*.

¹⁸ Eða af öðru yfirvaldi, skipuðu samkvæmt guðlegri forsjón eða hendi herjar. Um þetta segir Ulpianus, einn af lögspekingum Jústíníanúsar Rómarkeisara í *Digesta*, álitstgerðasafni lögbókarinnar *Corpus juris civilis*: „Það sem valdhafinn vill, er ígildi laga“. Jústíníanús, (1904), bók 1 – kafli 4, § 1 - setningar 1-3, *On imperial enactments*.

¹⁹ Locke, J. (1993), bls. 82, § 44 og aftur í sama anda á bls. 154, § 123. Einnig má finna þessu stað í umfjöllun Waldron, J. (1988), bls. 177-183.

²⁰ Waldron, J. (1988), bls. 266-271.

²¹ Hume, D. (1969), bls. 542, bók 3 – kafli 2, *Of the origin of justice and property*.

riti hans, *Um rétt stríðs og friðar*.²² Ennfremur eru Locke og Rousseau þessu í raun ekki ósam- mála, því þrátt fyrir að þeir telji viss réttindi náttúruleg í eðli sínu og vera til án laga, þá verði þau í raun aldrei virt nema með samkomulagi manna á milli. Samkvæmt þessu ætti því að telja samfélagssamkomulagið, sem grundvöll réttinda, en ekki lögin. Ef lögin væru sögð grund- völlum eignarréttar, myndi það ennfremur þýða að þau væru grundvöllur frelsis og réttarins til lífs. Því alveg eins og eignarrétturinn, verður frelsi og líf ekki verndað nema með lögum.

Frelsi verður þannig að telja hugtak sem maðurinn hefur skapað, engu síður en „rétturinn“ til að slökkva þorsta sínum og halda í sér lífi (vatnsréttur), er hugtak sem maðurinn hefur skapað. Tæplega er því hægt að álíta lagasetningu alfarið grundvöll eignarréttar, frekar en eignir og lof- orð, náttúruleg fyrirbæri. Af þessu leiðir að telja yrði samfélagssamkomulagið en ekki einhliða valdboðið í umboði þess, hinn raunverulega grundvöll eignar. Enda segir Locke í áður nefndu riti sínu:

Sé maðurinn jafn frjálss í ríki náttúrunnar og ég hef sagt, og sé hann þar hinn æðsti herra yfir sjálfum sér og eignum sínum, jafn hár þeim hæsta og einskis undirsáti. Hví skyldi hann vilja sjá af ríki sínu og selja það undir yfirráð annarra? Svarið liggur í augum uppi... Þótt hann hafi þessi réttindi í ríki náttúrunnar er afar ótryggt að hann fái notið þeirra, og sífelld hætta er að á þeim verði troðið af öðrum.[...] Vegna þessa er hann fús að segja skilið við það frelsi sem enga stund fær veitt neitt öryggi. Það er því ekki að ástæðulausu að menn eru fúsir að ganga í samfélag með öðrum sem þegar hafa sameinast eða hyggjast gera það, til að varðveita líf sitt, frelsi og fé, eða það sem ég nefni einu nafni eignir.²³ [Leturbreyting mín, S.S]

Þessum orðum Locke um fórn hins náttúrulega frelsis, samsinnir Rousseau í riti sínu, *Sam- félagssáttmálinn*. Þar segir hann að sáttmálinn eyðileggi ekki hið náttúrulega frelsi, heldur leggi grunn að siðferðilegu og lögmætu jafnrétti í andstöðu við það misrétti sem mismunandi styrkur manna í hinu „náttúrulega ástandi“, olli oft á tíðum. Ennfremur segir hann það samfélag sem verður til sem afleiðing af sáttmálanum, aldrei geta farið fram í kröftum annars en almanna- viljans. Markmið þess skuli ávallt vera almannaheill og því sé aðeins vel stjórnað sé sameigin- legur hagur hafður að leiðarljósi.²⁴ Þessa hugsjón má ennfremur lesa út úr stjórnarskrárákvæði sem við þekkjum vel. Það hljómar svo:

Eignarrétturinn er *fríðhelgur*. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema *almenningsþörf* krefji. Þarf til þess *lagafyrirmæli* og komi fullt verð fyrir.

²² Grotius, H. (1918), bók 2 – kafli 2, § 5. Þar sem hann segir: „Property therefore must have been established either by express agreement, as by division, or by tacit consent“.

²³ Locke, J. (1993), bls. 154, § 123.

²⁴ Rousseau, J.J. (2004), bls. 86-87, bók 1- kafli 9 og bók 2 – kafli 1.

Ákvæði þekkjum við sem 1. mgr. 72. gr. laga nr. 33/1944, um Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.²⁵ Þar situr það í mannréttindakaflanum og lýsir yfir friðhelgi eignar með 1. ml. 1. mgr. sinnar. Við ættum að geta tengt það vel náttúru réttar umræðunni hér að ofan. Þá skal enginn missa neins af eignum sínum, nema almannaþörf krefji, skv. 2. ml. 1. mgr. og hljómar það í miklu samræmi við ofangreind orð Rousseau úr riti hans, *Samfélagssáttmálinn*. Í 3. ml. 1. mgr., standa lög in svo vörðinn um eignarréttinn, að „vild“ samfélagsins í anda vildarréttarins.

Þessi vísiregla íslensk eignarréttar kristallar því vel þá stefnu sem umfjöllunin hér að ofan hefur verið að taka, þ.e. að náttúru- og vildarréttur séu í raun ekki andstæður, heldur samofnar innan laga og bæti hvort aðra upp, eins og Sigurður Línadal orðaði það í bók sinni, *Um lög og lögfræði*.²⁶

Bendir allt ofansagt til þess að grundvöllurinn að eignarhaldi vatns, stjórnist að stórum hluta af þýðingu þess fyrir afkomu hvers einasta samfélagsþegns. Aðgang að því verði að telja til mannréttinda og náttúrulegan, eins og rétt manna til frelsis og lífs. Af þeim sökum verði að telja hreinar lögfræðilegar skýringar, seint geta verið alákvarðandi um hvernig eignarhaldi á vatni skuli háttá. Ennfremur ætli löggjafinn að haga eignarhaldinu á skjön við þjóðfélagsandann eða þá stefnu sem nágrannaþjóðir og alþjóðasamfélag hafa tekið í þessum efnun, væri eðlilegt að slík ákvörðun væri borin með beinum hætti undir samfélagið.²⁷

4. Eignarhæfi vatns

4.1. Eðli vatns og eignarhæfi

Eins og fram kom í inngangi er þess freistað á þessum síðum, að svara því í hvaða formi, mynd, stöðu eða rennsli, vatn sé hæft til eignar. Hver geti átt það og hverskonar réttindi er eðlilegt að þeir sem það geti átt, hafi yfir því að ráða, þegar horft er til eðlis þess og þýðingar.

Þegar hefur verið varpað ljósi á hvaða samfélagslegu hugsjónir verður að virða í ljósi þýðingar vatns, þegar eignargrundvöllur þess er ákvarðaður. Næsta verk er því að líta til sérstaks eðlis vatns og eignarhæfi þess í sínum mörgu myndum. Ásamt því að skoða hvað réttararfleifð hefur um eignarhæfi sérhverrar myndar að segja.²⁸

²⁵ Hér eftir (stjórnarskrá).

²⁶ Sigurður Línadal, (2007), bls. 70 og Gaukur Jörundsson, (1969), bls. 43, um 72. gr. stjórnarskrár sem vísireglu.

²⁷ Hér er að sjálfsgöðu verið að vísa til einhvers forms af þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvort sem það væri bindandi eða ráðgefandi atkvæðagreiðsla. Um aðferðarfræðina og mun á bindandi og ráðgefandi atkvæðagreiðslum má vísa til Setälä, M. (1999), bls. 74-75 og Suksi, M. (1993), bls. 29.

²⁸ Með réttararfleifð er verið vísa til réttarkerfa sem íslenskur og norræn réttur er byggður á, m.a. sá rómverski.

Eðli vatns er með þeim sérstaka hætti að koma fyrir í mismunandi formum og myndum. Það getur þannig verið í föstu formi sem ís og snjór eða lausu sem gufa og raki. Í sínu algengasta formi, fljótandi, getur það einnig komið fyrir í mismunandi myndum, þ.e. bæði kyrrstætt í vissri stöðu eða sem flæðandi straumvatn, aldrei kyrrt á einum stað. Vart getur því talist óeðlilegt að mismunandi reglur gætu gilt um eignarhæfi þess og hald eftir því í hvaða formi og mynd það er hverju sinni. Ennfremur því sem vatn getur fundist í gufuhvolfi jarðar, á yfirborðinu eða undir því. Spurningunni um eignarhæfi vatns verður því ekki svarað í einu lagi, heldur í samræmi við mismunandi form þess, myndir og staðsetningu.²⁹

4.2. Vatn í gufuhvolfinu

Það vatn sem finnst í gufuhvolfi jarðar, hvort sem það er rakapétting eða uppgufun frá yfirborði jarðar, hefur hingað til verið talið almannaeign, líkt og loftið. Er það eðlilegt í ljósi þess að það hefur ekki nánari tengsl við ákveðinn eða ákveðna aðila öðrum fremur. Tengslin eru því svo fjarlæg eða laus að tæplega verður sagt að þau geti verið einkaréttarleg, þ.e. hæft einum aðila til eignar, öðrum fremur.³⁰ Nafnið „allsherjargagn“ sem Einar Arnórsson gaf slíkum gæðum í ritgerð sinni, *Um vatnsrjettindi* er því einkar gott, þar sem það vísar til allsherjarréttarins sem ríki fara með fyrir samfélagið (allan almenning) í nafni fullveldisréttar síns.³¹

Í hinum rómverska rétti voru slík gæði kölluð *res omnium communes* og féllu sem samgæði til hvers einasta samfélagsþegns í nafni náttúruvéttarins, *ius naturale*.³² Ákveðna fyrirvara verður þó að gera við það að vatn í gufuhvolfi jarðar sé óeignarhæft að einkarétti. Fyrri fyrirvarinn lítur að því að vatnið í þessu ástandi, sé ósérgreint. Um leið og raki t.d., hefur verið þéttur og sérgreindur með því að safna honum í ílát eða annað þess háttar, er hann orðin einkaeignarhæfur.³³ Seinni fyrirvarinn er í raun útfærsla á fyrri fyrirvaranum, þ.e. að vatn í gufuhvolfinu sé ekki einkaeignarhæft vegna þess að það sé ósérgreinanlegt og ekki hægt nýta sem verðmæti er hafi nánari tengsl við ákveðinn aðila öðrum fremur.

Báðir þessir fyrirvarar hafa í raun lítið fræðilegt gildi, því ef ætlun væri að flokka einkaeignarhæfi vatns eftir nýtingar- og sérgreiningarmöguleikum þess, þá væri sú eignarhæfisskilgreining ávallt að taka breytingum eftir því sem tækni flygi fram. Má sem dæmi nefna hina

²⁹ Ólafur Lárússon, (1929), bls. 1-2, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*. Þar sem Ólafur benti á, að viðbúið væri að ólíkar eignarreglur giltu um vatn eftir því hvernig væri ástatt um það hverju sinni.

³⁰ Gaukur Jörundsson, (1969), bls. 78 og Þorgeir Örlygsson, (1998), bls. 40 í *Hver á kvótann?*

³¹ Einar Arnórsson, (1919), bls. 17, *Ritgerð úr nefndarátliti meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919*. Sjá um fullveldishugtakið í Ólafur Jóhannesson, (1978), bls. 16 og Gunnar G, Schram, (1999), bls. 17 og ennfremur tengsl þess við samfélagssáttmálann í Rousseau, J.J. (2004), bls. 77-80, bók 1- kafla 7 og bls. 87-99 bók 2 – kafla 1-5. Þar sem hann segir t.d. á bls. 78: „En ríkisheildin eða fullveldið á tilvist sína einungis að þakka helgi sáttmálans“.

³² Jústíníanús, F.P.S. (1896), bók 2 – kafla 1, § 1 – setning 1.

³³ Ólafur Lárússon, (1950), bls. 88 og Gaukur Jörundsson, (1983), bls. 140 í *Eignaréttur II*.

nýju osmósutækni sem myndar háþrýsting, sem er virkjanlegur, þegar sérstakar osmósuhimnur eru settar milli sjávar- og ferskvatns (mismunandi seltustigs).³⁴ Slíkar framfarir gætu allt eins orðið á nýtingu vatns úr gufuhvolfinu í framtíðinni ef eðlileg hringrás vatns raskaðist á einhvern hátt og jarðkringlan sjálf að þurrki komin.³⁵ Vatn í gufuhvolfinu væri þá orðin mikilvæg og verðmæt auðlind.

Þetta álitafni er enn fremur athyglisvert í ljósi þeirrar skilgreiningarleiðar sem ætlunin er að fara í nýju vatnalögunum, þ.e. að kveðið sé á um eignarrétt að vatni með neikvæðum hætti. Af þeim skilgreiningarhætti leiðir að eigandi hefur allar þær heimildir og þá nýtingarmöguleika sem ekki beinlínis eru takmarkaðir í lögum eða löggerningi. Sem aftur leiðir til þess nýir og áður óþekktir nýtingarmöguleikar falla sjálfkrafa undir bein eignarráð hans um leið og þeir verða til.³⁶ Í þessum efnum er athyglisvert að minnst athugasemdar Sigurðar Gizurarsonar í grein hans, *Fossanefndin 1917 – 1919*, þar sem hann sagði að ólíklegt væri að *Fossanefndarmenn* hefðu gert sér grein fyrir gífurlegu verðmæti vatnsins sjálfs en ekki aðeins fallorku vatnanna.³⁷ Mætti að því leiða líkur, að ekki hefði þurft sex ár til þess að ná þeirri málamiðlun sem náðist með 2. gr. gömlu vatnalaga ef minnihlutinn hefði gert sér grein fyrir því að vatn yrði selt á flöskum í framtíðinni. Að einkaeinokun, hverrar einustu uppsprettu, gæti þannig orðið auðlind í höndum hvers aðila sem ætti og hag hefði af því að takmarka rétt næsta manns að henni.

Hverju sem slíkum líkum lætur, er ljóst að vatn í gufuhvolfi jarðar er partur af þeirri náttúrulegu hringrás sem heldur jörðinni allri, gróðri, dýrum og mönnum á lífi. Það er því skýrasta dæmi þess sem flokka ætti sem almannagæði á grundvelli náttúrulegs réttar. Þó er eins og bent hefur verið á, tæplega til það form vatns sem lög og tækni í samvinnu, geta ekki með skilgreiningar, sérgreiningar, tengsla og verðmætissjónarmiða, gert einkaeignarhæft. Af þeim sökum hlýtur staða vatns í gufuhvolfi jarðar sem óeignarhæfs andlags að grundvallast á þýðingu þess fyrir hringrás lífsins en ekki einungis af skilgreiningum eignarréttar. Má þar vísa í skrif Ólafs Lárussonar í riti hans, *Eignarréttur*, þar sem hann segir um almannagæði:

Yfir þessum *res communes* hefur verið talið, að *hvorki ætti né mætti* viðurkenna neinn eignarrétt, því ýmist væri það *óhjákvæmilegt lífsskilyrði fyrir mennina*, að hafa *óhindruð not þeirra*, eða það væri *skilyrði fyrir frjálsri þróun einstaklingsins eða mannkynsins í heild sinni*, að *þessi gæði væri öllum frjáls*.³⁸ [Leturbreyting mín, S.S]

³⁴ Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 214-215, *Minnisblað um osmósuvirkjanir*.

³⁵ Eiríkur Tómasson, (2008), bls. 181, *Álitsgerð um lög nr. 20/2006*.

³⁶ Enn fremur er 2. gr. nýju vatnalaganna mjög víðtæk varðandi form og staðsetningu þess vatns sem landeigandi hefur bein eignarráð yfir, samanber orð hennar: „Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um“.

³⁷ Sigurður Gizurarson, (1992), bls. 143.

³⁸ Ólafur Lárusson, (1950), bls. 88.

4.2.1. Eignarhæfi vatns í gufuhvolfinu

Ekki er að sjá að ný sjónarmið hafi komið fram um eignarhæfi vatns í gufuhvolfinu og verði því að telja slíkt vatn allsherjargagn sem sé óhæft einhverjum einum manni til eignar. Þó hlýtur að teljast ráðlegt, í ljósi þess sem ofan er sagt um tækniþróun og nýjar nýtingarleiðir, að setja slíkt niður með áþreifanlegum hætti en hafa ekki einungis sem fræðilega meginreglu.

4.3. Vatn á yfirborði jarðar

Vatn kemur fljótandi fyrir í tveimur myndum á yfirborði jarðar, annað hvort í rennsli eða stöðu. Þess að auki eru vötn og ár mismunandi að umfangi, víðförli og varanleika. Þessi fjölbreytileiki flækir ákvörðun um eignarhæfið. Fyrir það fyrsta hafa menn spurt sig að því hvort eignarréttur að vatninu sjálfu, ætti að vera leiddur af réttinum yfir botni þess eða árfarvegi sem það rennur um.

Í framhaldinu hvort eignarhæfi þess skuli misjafnlega farið, eftir því hvort umræðir straum- eða stöðuvatn, í ljósi varanleika tengslanna við undirlagið, þ.e. fasteignina. Ennfremur í tilviki stöðuvatns, hvort eignarhæfismunur sé á stærri og minni vötnum (umfanginu) eða hvort munur eigi að vera á eignarhæfi annars vegar þeirra vatna sem í safnast árstíðarbundið fyrir úrkomu og hins vegar þeirra sem hafa stöðugt í rennsli (varanleika). Ekki eru menn á einu máli eins og vaninn er í íslenskum vatnsrétti og því best að byrja með fast land undir fótum.

4.3.1. Yfirborðsvatn í rómverskum rétti

Fast land má finna í lögbók *Jústinaníusar Rómarkeisara, Corpus Juris Civilis*. Bókin skiptist í fjóra hluta og í tveimur af þeim, inngangsfræðunum (*Institutes*) og álitsgerðum lögspekinganna (*Digesta*), er að finna greinargóða umfjöllun um eignarhæfi vatns. Fyrir það fyrsta var gerður greinarmunur á meiriháttar- og minniháttar vötnum og tók það bæði til vatns í stöðu sem og í streymi. Meiriháttar vötn voru annað hvort *res omnium communes*, almenningsvötn eða opinber vötn, *res publicae*. Þau heyrðu þannig undir almannaréttinn og voru ekki hæf einum manni til eignar.³⁹ Af því leiddi líka að þau voru *extra patrimonium* og *extra commercium*, þ.e. gátu ekki gengið kaupum og solum.⁴⁰ Virðist Evrópusambandið hafa gert þá hugsjón að sinni ef marka má aðfararorðin í áður nefndri vatnatilskipun, þ.e. „vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara, heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka“.⁴¹

³⁹ Jústinaníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflar 8, 12 og 13 í *Digesta*.

⁴⁰ Gaíus og Ulpíanus, (1880), bók 2, § 14-19 og bók 19, § 1-9.

⁴¹ Fylgiskjal 2. - Tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins, 2000/60/EB frá 23. október, um aðgerðarramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Sjá 1. mgr. aðfararorða tilskipunarinnar.

Minniháttar vötn gátu aftur á móti verið í einkaeigu, þ.e. *privata* og gengið kaupum og solum. Til minniháttar vatna heyrðu aðallega tjarnir og önnur regnvatns fyrirsöfnun, minniháttar uppsprettur og lindir, þó lindár væru þar jafnan undanskildar.⁴² Ennfremur gátu almannahagsmunir breytt einkavatni í opinbert vatn eða sú kvöð sett á einkauppsprettu, *fons* að nágrannar gætu sótt í hana vatn.⁴³ Stærri uppsprettur og vatnsból voru aftur á móti oft það sem kallaðist *res sacrae*, þ.e. heilög og voru því sem slík *res nullius*, einskins manns eign. Enda höfðu vatnsból slíka þýðingu, ekki aðeins fyrir íbúa viss svæðis eða borgar, heldur líka þá sem á ferðafæti voru, að ekki þótti annað góður siður en að veita öllum aðgengi. Hvort sem um var að ræða borgarþegn eða ferðalang. Bendir þetta til þess að það hafi þótt siðleg skylda veitandans að veita vatn og náttúruleg réttindi viðtakandans að fá vatn veitt. Þessum fornu hugsjónum Rómverjanna má vel sjá stað í áður nefndri samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2002, þar sem aðgengi að vatni er talið til mannréttinda og lagt að ríkjum að veita það, „öllum“.⁴⁴

Skil einka- og almannaréttar til vatns má því telja hafa verið nokkuð ljós í rómverska réttinum. Enda eðlileg afleiðing af þeirri meginreglu rómversks réttar að straumvatn sem streymdi allan ársins hring, *flumen perennia* og öll meiriháttar fyrirsöfnun vatns í stöður, væri óhæf til einkaeignar. Leiddi það til þess að lindár, jafnvel þótt smáar væru, töldust til meiriháttar vatna ef þær streymdu allan ársins hring. Ár sem þornuðu upp í sumarhitum, *flumen torrentia*, töldust aftur á móti hæfar til einkaeignar.⁴⁵ Þá var vatn í jörðu ekki talið sérstakt réttarandlag, heldur fylgdi fasteign, sem illa samræmist meginreglunni um óeignarhæfi straumvatns, þar sem grunnvatn er í stöðugu rennsli neðanjarðar eins og betur verður komið inn á síðar. Sú meginregla rómversks réttar að straumvatn væri óeignarhæft er svo aftur eðlileg afleiðing af því að rómverskur einkaeignarréttur var að mestu hlutbundinn réttur.⁴⁶ Vatn sem ekki tengdist fasteigninni með neinum varanleika, gat því ekki talist til einkaeignar fasteignareigandans.

4.3.2. Rómversk áhrif

Áhrifum rómverska vatnsréttarins má svo greinilega sjá stað í íslenskum rétti. Sem dæmi má nefna að Gaukur Jörundsson hefur ávallt byggt á því í skrifum sínum að greinarmun eigi að

⁴² Jústínáníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflar 12 og 14 í *Digesta*. Lindár sem streymdu allan ársins hring, *flumen perennia*, heyrðu til meiriháttar vatna.

⁴³ Jústínáníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflar 14, 20 og 22 í *Digesta*.

⁴⁴ Fylgiskjal 3. – Samþykkt Sameinuðu þjóðanna um réttinn til vatns, frá 26 nóvember, árið 2002. Má í þessum efnum sérstaklega vísa til 14., 15. og 16. mgr. samþykktarinnar, þar sem lögð er sú þjóðréttarlega skylda á ríki, að veita „öllum“ þeim sem á yfirráðasvæði þess koma eða fyrir eru, það vatn sem þeir þurfa.

⁴⁵ Jústínáníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kafla 12 í *Digesta*.

⁴⁶ Þessi hlutaréttarsjónarmið Rómverjanna gerðu þýskir og norskir fræðimenn síðar að sínum og einn af þeim sem þar fór fremstur í flokki var norski prófessorinn Herman Scheel. Hann taldi rökfræðileg lögmal ekki leyfa það að talað væri um eignarrétt að rennandi vatni. Alla afmörkun andlagsins skorti og þar með væri ótækt að nefna rétt til vatns „eignarrétt“ í hefðbundnum skilningi þess orðs. Sjá Scheel, H. (1912), bls. 246-247.

gera á meiriháttar- og minniháttar vötnum.⁴⁷ Ennfremur því sem gömlu vatnalögin virðast vitna sjálf um þessa aðgreiningu, þá sérstaklega 9. gr. laganna sem hljóðar svo:

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík *minniháttar vötn*, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar, svo sem hér segir, enda sé eigi önnur lögmæt skipun á gerð. [Leturbreyting mín, S.S]

Við lestur greinarinnar koma nokkur atriði upp í hugann. Í fyrsta lagi bendir greinin til þess að aðrar myndir vatns en þarna eru upptaldar, teljist meiriháttar vötn.⁴⁸ Í öðru lagi virðist hér kveðið á um eignarráðin að minniháttar vötnum með neikvæðum hætti. Það er sérstakt í ljósi þess að meginregla laganna er að kveða á um heimildir að vatni með jákvæðum og tæmandi hætti innan lagabálksins sjálfs. Með þessum skilgreiningarhætti má aftur á móti ganga útfrá því að eigandinn njóti allra heimilda, nema þeirra sem beinlínis eru undanskildar eignarráðum hans með lögum eða löggerningi.⁴⁹ Bendir Ólafur Lárusson á það í ritgerð sinni, *Vatnsrjettur*, „að þessi munur stafi aðallega af því að þau vötn sem um ræðir í 9. gr. skipti venjulega litlu máli fyrir almenning“.⁵⁰

Allt bendir þetta til þess að hugmyndir hins rómverska réttar hafi legið til grundvallar, þegar Einari Arnórsson samdi frumvarpið að gömlu vatnalögunum og að bein eignarráð einkaréttarlega aðila hafi í raun verið takmörkuð við það sem í rómverskum rétti voru kölluð minniháttar vötn. Eignarráð af meiriháttar vötnum, þ.e. stærri stöðuvötnum og straumvatni hafi aftur á móti aðeins verið óbein eða takmörkuð í ljósi almannaréttarlegs mikilvægis slíkra vatnamynda. Telst þetta nokkuð greinilegt af þeirri jákvæðu upptalningarleið sem einkennir lagabálkinn í heildina litið og sérstöðu 9. gr. hans í því tilliti.

4.3.3. Skiptar skoðanir íslenskra fræðimanna

Löngu er ljóst að deila manna um eignarhæfi vatns verður hvað háværust, þegar sjónir þeirra beinast að vatni á yfirborðinu. Sérstaklega hvað varðar vatn sem er í straumi og ekki er hægt að tengja hlutaréttarlega og varanlega við fasteignina sjálfa í ljósi þess að vatnið er aðeins á ferðalagi um andlagið sem er beinum eignarráðum bundið. Einmitt í þessum efnunum er dómur fræðimanna klofinn. Ólafur Lárusson taldi þannig ekki ástæðu til þess að vatn væri almennt óeignarhæft en taldi þó skýran greinarmun verða að gera á straumvatni og stöðuvatni, þar sem réttinn til straumvatns yrði að leiða af eignarrétti yfir farvegi þess.⁵¹

⁴⁷ Gaukur Jörundsson, (1982), bls. 43-44 – kafli 5.2. Sjá einnig Eyvindur G. Gunnarsson, (2005), bls. 159.

⁴⁸ Ólafur Lárusson, (1950), bls. 47-48. Telur vatnamyndir 10. gr. einnig til minniháttar vatna, þó viss munur sé á.

⁴⁹ Gaukur Jörundsson, (1982), bls. 43-44 – kafli 5.2.

⁵⁰ Ólafur Lárusson, (1929), bls. 5, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*.

⁵¹ Ólafur Lárusson, (1929), bls. 1-2, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*.

Einar Arnórsson tók dýpra á árinna í ritgerð sinni, *Um vatnsrjettindi* og í gegnum skrif hans í ritgerðinni má greinilega sjá að hann aðhylltist hugmyndir hins forna rómverska réttar, þ.e. að straumvatn væri óeignarhæft og stærra vatn í stöðu eignarhæft, aðeins að því marki sem það væri sérgreinanlegt í höndum ákveðins eða ákveðinna aðila öðrum fremur. Þar sem sá eða þeir aðilar, hefðu gert sér það eignarhæft með aðgerðum sínum og afmörkun. Eftirfarandi orð Einars úr ritgerðinni, vitna vel um þetta:

Mikið af því vatni, sem í árfarvegum vorum rennur, er þannig til komið [...] af fjöllum og jöklum á hálendinu. Úrkomusvæði þeirra elfa er að miklu leyti hálendið [...]. Hver á tilkall til þess vatns? Eftir eðli málsins getur *enginn átt það sjerstaklega*. Svo víst sem það er, að enginn á skýin, sem vatnið eða snjórin fellur úr, svo er það og, að *engin á neitt einkatilkall* til vatnsins. Vatnið er eftir eðli sínu *allsherjargagn (res communis)*, eins og loft og ljós. [Leturbreyting mín, S.S]

[...] en þar með er ekki sagt að vatn geti ekki eða eigi ekki að vera undirorpið *einkumráðum ákveðins manns eða ákveðinna manna, þegar þeir hafa kostað einhverju til að handsama það* og þegar sjá verknaður hefur heppnast.⁵² [Leturbreyting mín. S.S]

Ljóst er af seinni klausu Einars hér að ofan, að hann telur menn geta breytt eðli þess réttar sem þeir eiga til vatns með vinnu sinni og afmörkun. Tökum sem dæmi mann sem á óbeinan rétt að stöðuvatni eða á, t.d. afnotarétt fyrir brynningu skepna. Hann leiðir með vinnu sinni og röri hluta vatnsins inn í útihús hjá sér, þar sem það safnast saman í tank fyrir skepnurnar. Þar með hefur hann öðlast bein eignarráð yfir því vatni sem í tanknum er. Athyglisvert er að þessar hugmyndir ríma við hugmyndir heimspekingsins, John Locke um hvernig séreignarréttur myndast og eru þær beint framhald af hugmyndum hans um hver væri grundvöllur eignar. Í riti sínu, *Ritgerð um ríkisvald* segir hann:

Þótt jörðin og allar óaðri skepnur séu *sameign allra manna* þá hefur hver maður þó eignarrétt yfir sjálfum sér [...]. Við getum því sagt að hann sé *réttmætur eigandi vinnu sinnar og handverks*. Hvaðeina sem hann hefur fært úr skauti náttúrunnar hefur hann *blandað vinnu sinni* og bætt við það nokkru sem hann á með réttu og þar með *gert það að eign sinni*. Með því að hafa fært eitthvað úr því ástandi sem náttúran skildi við það í, hefur hann með vinnu sinni bætt við það nokkru *sem afnemur sameign annarra á því*. Því þar sem vinnan er tvímælalaust eign verkamannsins, þá getur *enginn annar en hann haft rétt til þeirra hluta* sem vinnan hefur verið lögð í, að minnsta kosti ekki þar sem nóg er eftir í sameign af jafngóðum hlutum fyrir aðra.⁵³ [Leturbreyting mín, S.S]

Hinn síðari ár hafa ekki leitt menn nær sameiginlegri niðurstöðu um eignarhæfi yfirborðvatns. Þannig segir Sigurður Línal í *áliti sínu til vatnalaganefndar*, að meginregla sé að vatnið sjálft geti ekki verið andlag eignarréttar og að gera verði greinarmun á heimildum að því, eftir því

⁵² Einar Arnórsson, (1919), bls. 17 og 18, *Ritgerð úr nefndaráliti meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919*.

⁵³ Locke, J. (1993), bls. 67-68, § 27.

hvort er um straum- eða stöðuvatn að ræða og styður hann þar skoðun Ólafs Lárussonar og rómversku straumvatnsregluna. Hann segir þannig eignarrétt að straumvatni aðeins geta verið í formi hagnýtingarréttar og réttar til að beisla vatnsafl. Kyrrstætt vatn í stöðu og tjörnum geti þó verið háð einkarétti landeiganda. Hann tekur þó ekki fram hvort umræddar stöður vatns, verði að teljast minniháttar í skilningi rómversks réttar og 9. gr. gömlu vatnalaga.⁵⁴ Þá benda skrif Aagotar V. Óskarsdóttur til þess að hún aðhyllist hagnýtingarréttarkenninguna og færir hún staðföst rök gegn beinum eignarrétti að vatni í skrifum sínum.⁵⁵

Þorgeir Örlygsson hefur aftur á móti verið þeirrar skoðunar að heimildir til að hagnýta og ráðstafa vatnsréttindum á fasteign, fari saman við heimildina að fasteigninni sjálfri. Í því felist að sá sem landið eigi, eigi jafnframt sambærilegar heimildir yfir auðlindum sem á landinu eru, með þeim takmörkunum einum sem lög segja til um hverju sinni.⁵⁶ Þessi framsetning Þorgeirs á inntaki heimilda yfir vatni á fasteign er augljóslega í ætt við hina neikvæðu skilgreiningu eignaréttar og samhljóðar að mestu skilgreiningu Þorgeirs sjálfs á séreignarrétti sem hann setur fram í riti sínu, *Kaflar úr eignarrétti I*. Skilgreiningin er svohljóðandi:

Eigandi líkamslegs hlutar eða annars verðmætis fer einn með þær heimildir, sem í eignarréttinum felast, þ.e. hann hefur *einkarétt* til umráða og ráðstafana yfir hlut eða verðmæti, að svo miklu leyti sem sá réttur er ekki takmarkaður samkvæmt lögum eða vegna óbeinna eignarréttinda annarra manna.⁵⁷ [Leturbreyting mín, S.S]

Þetta bendir til þess að Þorgeir telji vatnið sjálft geta verið andlag eignaréttar. Í það minnsta telur Þorgeir náttúruauðlindir á landi vera þátt í eignarrétti landeigandans og njóta verndar stjórnarskrár sem slíkar. Þær verði því aðeins teknar í þágu almennings með eignarnámi og komi þá fullar bætur fyrir.⁵⁸ Þetta hafi dómstólar allt staðfest.⁵⁹ Þá hefur Eiríkur Tómasson sagt í *álitsgerð sinni til vatnalaganefndar* að hann sjái engin lagarök mæla á móti því, að vissum skilyrðum uppfylltum, að vatn sé andlag eignaréttar. Svo dæmi sé tekið, „að tiltekið rúmtak vatns í straumvatni, sem rennur um land í einkaeigu, sé undirorpið eignarrétti eigandans, enda þótt það hafi ekki verið sérgreint“.⁶⁰

⁵⁴ Sigurður Línadal, (2008), bls. 196, *Minnisblað um vatnalög nr. 20/2006*.

⁵⁵ Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 98-114 í *Hver á vatnið?* og Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 208-211, *Minnisblað um vatnsréttindi og eignarrétt að auðlindum*.

⁵⁶ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 577 og 582-584.

⁵⁷ Þorgeir Örlygsson, (1998), bls. 16 í *Kaflar úr eignarrétti I*.

⁵⁸ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 577 og sami höfundur, (1998), bls. 94 í *Kaflar úr eignarrétti I*.

⁵⁹ Þorgeir Örlygsson, (1994), vísar til Kífsárdóms á bls. 585 og Öndverðarnesdóms á bls. 583.

⁶⁰ Eiríkur Tómasson, (2008), bls. 180, *Álitsgerð um lög nr. 20/2006*.

4.3.4. Yfirborðsvatn og íslenskir dómstólar

Sú staðfesting dómstóla sem Þorgeir Örlygsson vísar til eru tvær niðurstöður Hæstaréttar. Sú fyrri í svokölluðum Kífsárdómi og sú seinni í dómi sem kenndur hefur verið við Öndverðarnes í Grímsneshreppi. Í **Hrd. 1955, bls. 431 (Hrd. 51/1955 – Kífsá)** snérist deilan um það að Akureyrarbær tók fyrir vatnsveitu bæjarins vatn úr lindum jarðarinnar Kífsár. Jarðareigandinn krafði í kjölfarið bæinn um bætur fyrir vatnstökuna og lét vinna fyrir sig matsgerð. Bærinn mótmælti bótum fyrir vatnstökuna sjálfa með þeim rökum, „að matsbeiðandi væri ekki eigandi vatnsins, [...] það væri ekki eignarrétti háð að lögum“.

Héraðsdómur vísaði aftur á móti til skýringa við 25. gr. gömlu vatnalaga úr upphaflegu greinargerð frumvarpsins frá árinu 1921.⁶¹ Þar sagði og hafði frumvarpið ekki breytingum tekið að því leyti, „Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað aðeins að greiða, að tjón stafi af töku þess, t.d. vegna áveitu, iðnaðar o.s. frv. Ef vatnstaka er að öllu meinlaus, þá er engin skaði eða bagi að bæta“.⁶² Taldi dómurinn að jarðareigandi hefði borið skaða bæði vegna landspjalla og fyrir missi linda, sem vel hentuðu til virkjunar. Hæstiréttur gekk svo skrefinu lengra með því að segja:

Telja verður rétt landeiganda til hagnýtingar vatn þess, sem [...] [Akureyrarbær] hefur virkjað í Kífsárlandi, til verðmætra réttinda, og á.. [...] [jarðeigandi] því kröfu til bóta fyrir hinar virkjuðu lindir samkvæmt [...] [72. gr.] stjórnarskrárinnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta hann. [Úrfellingar og innskot mín, S.S]

Af þessum orðum réttarins hafa fræðimenn svo dregið mis víðtækar ályktanir. Hafa Þorgeir Örlygsson og frumvarpshöfundar nýju vatnalaganna Karl Axelsson og Eyvindur G. Gunnarsson talið þessi orð vitna um fulla viðurkenningu réttarins á eignarrétti landeiganda til vatns á landi sínu eða eins og segir í athugasemdum við frumvarp til nýrra vatnalaga, „Réttarframkvæmdin hefur viðurkennt til fulls eignarrétt landeiganda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur *eiga eignarrétt* að vatni á landi sínu“.⁶³ [Leturbreyting mín, S.S]. Vísun til dómsins er ekki í frumvarpinu sjálfu en slíka vísun er aftur á móti að finna í skrifum Þorgeirs og Eyvindar við framangreinda klausu, henni til stuðnings.⁶⁴

Aðrir fræðimenn hafa aftur á móti varað við því að draga of víðtækar ályktanir af þessum dómi. Þar má fyrstan nefna Sigurð Gizurarson en hann bendir á að lindirnar í málinu hafi fallið undir 9. gr. gömlu vatnalaga og þannig talist til minniháttar vatna. Skilgreining eignarráða yfir minni-

⁶¹ Frumvarp Einars Arnórssonar sem að breyttu breytanda varð gömlu vatnalög.

⁶² Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 19, bls. 185, um 25. gr.

⁶³ Alþingistíðindi, (2005), Frumvarp til vatnalaga – 4. kafli athugasemda, 132. löggjafarþingi, þskj. 281 – 268. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0281.html> [sótt á vefinn 26.8.2010].

⁶⁴ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 585 og sami höfundur, (1998), bls. 94 í *Kaflar úr eignarrétti I* og Eyvindur G. Gunnarsson, (2005), bls. 160.

háttar vötnum í 9. gr. laganna sé neikvæð, þ.e. allar heimildir nema þær sem undanskildar eru með lögum eða löggæringi og því hafi eignarráð hans yfir lindunum í raun verið bein. Bætur verði að koma fyrir slíkt vatn og þær sé hægt að ákvarða eftir að vatnið hefur verið sérgreint með töku þess inn í leiðslur vatnsveitu.⁶⁵ Aagot V. Óskarsdóttir bendir aftur á móti á tilvísun til þess í matsgerðinni, að vatnið hafi hentað vel til rafvirkjunar og því líklega um straumvatn að ræða, þ.e. vatn í stöðugu afrennsli ofanjarðar sem ekki gæti fallið undir 9. gr. gömlu vatnalaga.⁶⁶

Varnagla verður þó að slá við ábendingu Aagotar, í ljósi þess að 20% af allri vatnsorku landsins kemur einmitt úr grunnvatnslindum.⁶⁷ Er lindarvatni þá rétt eins og ám miðlað í lón og það svo leitt í gegnum niðurrhallandi rör sem inniheldur hverfla sem snúast og mynda við það rafmagn.⁶⁸ Ályktun Sigurðar getur því verið fullgild og frambærileg rök fyrir niðurstöðu dómsins. Fullyrt verður í hvoruga áttina nema að lindunum skoðuðum.⁶⁹

Ef leita ætti haldmeiri raka gegn þeim ályktunum að áður nefnd orð Hæstaréttar vitni um fulla viðurkenningu réttarins á eignarrétti landeiganda yfir vatninu með sama hætti og landinu sjálft, yrði leit að rökum ekki lengri en að fara aftur í orðréttar forsendur dómanna fyrir niðurstöðum. Í tilviki Hæstaréttar orðin, „Telja verður rétt landeiganda til *hagnýtingar* vatns þess [...] til verðmætra réttinda“ og í tilviki héraðsdóms, vísunar til athugasemda við 25. gr. gömlu vatnalaga, áðursögð orðin, „Bætur fyrir *vatnið sjálft* á auðvitað *aðeins að greiða*, að *tjón stafi* af töku þess“. [Leturbreytingar mínar, S.S].

Ljóst er þannig að bætur koma ávallt fyrir töku lands sem háð er beinum eignarrétti en þarna aðeins fyrir vatnið ef tjón skapast af töku þess. Tjónið í þessu tilviki er missir hins verðmæta hagnýtingarréttar að vatninu, sem matsgerðin vísaði til sem mögulegs til virkjunar. Héraðsdómur vísar til lögskýringargagna við 25. gr. gömlu vatnalaga og sú lögskýring bendir í raun til óeignarhæfis vatns, sbr. orðin, „Bætur fyrir *vatnið sjálft* á auðvitað *aðeins að greiða*, að *tjón stafi* af töku þess“. Verður því að telja að Hæstiréttur sé ekki að gera annað í þessum dómi en að staðfesta stjórnarskrárvernd verðmætra eignarréttinda, hvort sem það er beinn eignarréttur að minniháttar vatni í skilningi 9. gr. gömlu vatnalaga eða missir hagnota að meiriháttar vatni.

⁶⁵ Sigurður Gizurarson, (1992), bls. 149. Sérgreining með vinnu sbr. hugmyndir Einars Arnórs og John Locke.

⁶⁶ Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 110 í *Hver á vatnið?*

⁶⁷ Fylgiskjal 4. – Grunnvatn sem orkuberi, erindi Freysteins Sigurðssonar á Orkuþingi árið 2001, bls. 490-491 og sami höfundur, (2005), bls. 184 í *Vatn og vatnafar á Íslandi*. Sjá skilgreiningu á „grunnvatni“ annars vegar og vatnsfalli hins vegar á bls. 178-179 í sömu grein. Sami höfundur, (1992), bls. 1-10, í *Hlutur grunnvatns í vatnsafli*.

⁶⁸ Helgi M. Sigurðsson, (2002), bls. 28-29, almennt um framkvæmd virkjunar og bls. 168-171, um smávirkjanir.

⁶⁹ Í dóminum kemur fram að vatnið hafi verið tekið „úr lindasvæði í grennd við landamerkin og skammt frá Hesjuvallalindum“. Umræddar lindir eru því í grennd við landamerkin milli Hesjuvalla og Kífsár jarðarinnar.

Hefur enda rétturinn löngu staðfest rúma stjórnarskrárvernd hina ýmsu einkaeignarréttinda, séu þau bein eða óbein.⁷⁰

Seinni dómurinn sem jafnan er vísað til þegar vatn er fellt saman við eignarráð landeiganda að landi sínu er **Hrd. 1963, bls. 173 (Hrd. 163/1961 – Öndverðarnes)** en í því máli var deilt um vatns- og veiðirétt í Soginu. Í upphaflegu afsali fyrir landspildunni sem deilunni olli hafði verið tekið fram að, „Öll réttindi yfir henni til lands og vatns fylgdu“. Í niðurstöðu héraðsdóms sem ekki var raskað og staðfest að öllu leyti af Hæstarétti sagði:

Það er forn regla í íslenskum lögum að hver maður *eigi vatn* og veiði fyrir sinni jörðu, sbr. Jb., landsleigubálkur 56. kap.,⁷¹ sem síðar hefur verið staðfest með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 og laga um lax og silungsveiði nr. 53/1957. Telja verður, að ef skilja hefði átt frá landinu venjulegan vatns- og veiðirétt í á þeirri, sem það lá að, þá hefði orðið að taka slíkt fram beinum orðum. Verður því að ætla, að í upphafi hafi réttindi þessi *fylgt* nefndri landspildu. [Leturbreyting mín, S.S]

Spyrja má sig af þýðingu þessarar tilvitnunar héraðsdómsins til 56. kapitula landsleigubálks Jónsbókar, þegar yngri sérlög kváðu á um hvernig þessum réttindum skyldi farið í tengslum við land almennt. Er hér verið að vísa til annars vegar 2. gr. gömlu vatnalaga og hins vegar laga nr. 53/1957 um lax og silungsveiði, þar sem sagði í 1. tl. 2. gr., „Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum“. ⁷² Skugga hlýtur að varpa á þýðingu tilvísunarinnar að gömlu vatnalögin kveða í raun á um tengsl eiganda við vatn á jörð hans með jákvæðum og tæmandi hætti í lögum. Verður því að telja sögnina „á“ í 56. kapitula eða samkvæmt orðum dómsins „eiga“ villandi, sérstaklega þar sem ekki hefur ríkt sátt um það meðal fræðimanna hvaða meiningu skuli leggja í það orð í fornum lögbókum íslendinga.⁷³

Ekki verður því talið farsælt að draga víðtækari ályktanir af dómi þessum en þær, að eignarrétti að tilteknu landi „fylgi venjulega“ réttur til hagnýtingar vatns og veiði og að fram þurfi að taka ef slíkur réttur skuli ekki fylgja við sölu þess. Þessi orð eru ennfremur studd því að nokkrum árum seinna og einnig með vísun til 56. kapitulans sagði Hæstiréttur í **Hrd. 1967, bls. 916 (Hrd. 84/1966 – Reyðarvatn)** að vatns- og veiðiréttur væru sérstök réttindi lands. Um þau giltu

⁷⁰ Landsyfírréttardómur IX, bls. 809. Þar sagði: „að eignarréttur [...] í umræddri grein stjórnarskrárinnar merki eigi aðeins eignarrétt í þrengri merkingu orðins, heldur einnig önnur verðmæt réttindi, svo sem afnotarétt[...]“. Þá hafði löggjafinn viðurkennt stjórnarskrárvernd fallréttinda strax árið 1905 með lögum nr. 57 um eignarnám í Glerá. Sjá umfjöllun í Bjarni Jónsson, (1919), bls. 15, *Ritgerð úr nefndarálitni meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919* og hugleiðingar Aagotar V. Óskarsdóttur, (2008), bls. 111 í *Hver á vatnið?* Um vaju fyrir bótarétti fallréttinda.

⁷¹ Orðrétt, en aðlagð að nútíma máli segir í 56. kapitula Búnaðarbálks (Landsleigubálks.): „Hver maður á vötn og veiðistöð fyrir sinni jörðu og á, svo sem að fornu hefir verið, nema með lögum sé frá komið“. Sjá Mór Jónsson, (2004). bls. 195. Setningin skoðuð í heild sinni, bendir ennfremur til þess að lög geti kveðið á um annan hátt.

⁷² Stjórnartíðindi, (1957), A-deild, bls. 187-210.

⁷³ Aagot V. Óskarsdóttir, (2007), bls. 16, Bjarni Jónsson, (1919), bls. 3-7, *Ritgerð úr nefndarálitni meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919*, Guðmundur Eggerz, (1919), bls. 5-12, *Ritgerð úr nefndarálitni minnihluta fossanefndar er birt var árið 1919*.

sérlög sem veittu þeim sérstöðu gagnvart réttinum yfir fasteigninni, þ.e. botni vatnsins. Verður að telja þá meðferð réttarins í mun betri samræmi við forgöngureglur lögfræðinnar, í ljósi þess að bæði var um að ræða yngri lög og ennfremur sérlög.

Þeir dómur sem vitnað hefur verið til hér að framan eru allir komnir nokkuð til ára sinna og því var kærkomið að sjá Hæstarétt taka á vatnsréttindum í tveimur nýlegum dómum sem efnislega lutu báðir að sama ágreiningi. eru þetta **Hrd. 120/2009 – Arnórsstaðir** og **Hrd. 122/2009 – Arnórsstaðarpartur**. Í málunum var m.a. deilt um orðalag í afsali fyrir tveimur jörðum sem komnar voru undir eignarráð annarra landeiganda en staðið höfðu að upphaflegum kaupum jarðanna af íslenska ríkinu. Í afsalinu sagði, „alt vatnsafl og notkunarstaða þess“ á jörðunum skal vera undanskilið sölu. Töldu landeigendur orðalagið of óskýrt og ófullnægjandi til þess að ganga hefði mátt útfrá því að vatnsréttindi væru almennt undanskilin við sölu. Orð Hæstaréttar að þessu tilefni voru eftirfarandi:

Þá telja [...] [landeigendur] að orðalag afsalsins um undanskilnað „vatnsafls“ sé of óskýrt til að á því verði byggt [...]. Á þetta sjónarmið er ekki unnt að fallast. Er að mati dómsins engin vafi á því að í orðinu „vatnsafl“ í afsalinu sé vísað til vatnsréttinda sem skilin verða frá jörð með heimild í 2. mgr. 16. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Þá er í 49. gr. sömu laga mælt fyrir um heimild til notkunar vatns sem um landareign rennur til að vinna úr því orku, enda sé engin með því sviptur þeim vatnsréttindum sem óheimilt er að skerða samkvæmt lögnum. *Er hér skýrlega byggt á því megin sjónarmiði að vatn sé ekki eign tiltekings manns sem slíkt en tilteknar nýtingarheimildir þess geti verið háðar einstaklingseignarrétti.* [Leturbreyting mín, S.S]

Orð Hæstaréttar að þessu tilefni eru afdráttarlaus og byggjast skýrlega á því sjónarmiði að vatn sé óhæft einhverjum tilteknum aðila eða aðilum til eignar, þó sá aðili eða aðilar geti átt að því hagnýtingarrétt. Þessi orð verður að telja mun afdráttarlausari og skýrari en þau orð sem bentu í hina áttina í eldri dómunum sem hér að ofan voru reifaðir. Þetta verður því að telja þung lóð á vogaskálar þess að Hæstiréttur Íslands túlki gömlu vatnalögin svo að meginregla þeirra sé aðeins nýtingarréttur að vatni en ekki beinn eignarréttur.

Ennfremur er ofgreind tilvitnun dómsins til 49. gr. gömlu vatnalaga í þessu samhengi athyglisverð, þar sem heimild landeiganda til orkuvinnslu hefur verið ein megin röksemd þeirra sem hafa talið að í umráða- og hagnýtingarrétti landeiganda að vatni á landi sínu samkvæmt gömlu vatnalögum, fælust allar heimildir sem máli skiptu til að hægt væri að tala um „bein eignarráð“. Það er að segja, að viðbætti 49. gr. væri með jákvæðum hætti taldar upp í lögnum allar þær heimildir sem fælust í beinum eignarrétti. Upphaf greinarinnar er svohljóðandi:

Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, *svo og öðrum*, sem heimildar hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur til að vinna úr því orku, enda sé engin fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf [...] [Leturbreyting mín, S.S]

Greinin teldist staðfesting á því að sú stefna minnihlutans, að vatn væri „séreign“ landeiganda, hefði sigrað.⁷⁴ Hefur í umfjöllun þeirra eftirfarandi orð gjarnan birst:

En þó svo, að fræðilega sé á því byggt í vatnalögum, að landeigendur hafi *aðeins þau vatnsréttindi, sem lög heimila sérstaklega, er eigi síður gengið svo til móts við álit minnihluta fossanefndar, að í raun má segja, að stefna minnihlutans hafi sigrað, og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti.*⁷⁵ [Leturbreyting mín, S.S]

Fyrst birtast þessi orð í skrifum Þorgeirs Örlygssonar.⁷⁶ Upphaf sitt eiga þau í umfjöllun Gauks Jörundssonar um deilu *Fossanefndarmanna* um orkunýtingarrétt í riti hans *Eignarréttur I*, þar sem Gaukur vísar til þeirra breytinga sem gerðar voru á 2. og 49. gr. frumvarpsins frá árinu 1921 til frumvarpsins sem samþykkt var árið 1923 sem gömlu vatnalög.⁷⁷ Með þeim breytingum hafi hlutum verið svo fyrirkomið að heimildir til hagnýtingar meiriháttar vatna yrðu taldar upp í lögnum með jákvæðum og tæmandi hætti en þar væri þó um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir að vatni, þar á meðal heimild til orkuvinnslu.⁷⁸

Telja verður ofangreinda tilvitnun, mjög rúma túlkun á orðum Gauks, sérstaklega í ljósi þess að einn af forkólfum minnihluta *Fossanefndar*, Sveinn Ólafsson þá orðinn framsögumaður meirihluta vatnamálanefndar neðrideildar, taldi breytinguna einmitt verða til þess að kippt væri stoðunum undan einkaeignarrétti á vatni.⁷⁹ Ásamt því sem Ólafur Lárusson sem upphaflega hafði sett skilgreiningu eignarráða yfir vatni undir sama hatt og réttindi landeiganda yfir fasteign, féll frá þeirri skoðun sinni í kjölfar breytingalaga nr. 12/1946, þar sem 1. gr. þeirra breytti 49. gr. með þeim hætti að ríkinu einu var áskilin raforkuiðja yfir 100. hestöflum. Taldi Ólafur þessa breytingu á 49. gr. takmarka rétt landeiganda á það veigamikinn hátt að ekki væri lengur hægt að hægt að fella réttinn að vatninu saman með réttinum yfir fasteigninni.⁸⁰

Ofangreint samræmist þannig niðurstöðu Hæstaréttar í Arnórsstaðamálinu. Þar gerir rétturinn ekki upp á milli þess hvort um landeiganda er að ræða eða „annan“ sem fengið hefur framseld réttindi yfir vatni samkvæmt 2. mgr. 16. gr. Í báðum tilvikum er bara um nýtingarheimild að ræða þrátt fyrir að hún geti verði einkaréttarleg. Sjá má að þetta kemur í raun fram í 49. gr.

⁷⁴ Sjá um stefnu minnihlutans í Alþingistíðindi, (1919), A-deild, 31. löggjafarþingi, þskj. 88, bls. 459 og athugasemdir við frumvarpið eftir Svein Ólafsson frá Firði og framsöguræðu hans í B – deild, dálkar 1094-1101.

⁷⁵ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 585, Eyvindur G. Gunnarsson, (2005), bls. 155 og Eiríkur Tómasson, (2008), bls. 179-180. Ólafur Lárusson, (1929), bls. 4, sagði aftur á móti að meirihlutinn yrði að teljast hafa sigrað í orði.

⁷⁶ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 585. Þar sem hann vísar til umfjöllunar Gauks Jörundssonar, (1982) á bls. 43.

⁷⁷ Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 19, bls. 137 og Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 485, bls. 769 eins og breytt með þskj. 487, bls. 815.

⁷⁸ Gaukur Jörundsson, (1982), bls. 43 – kafli 5.1, sbr. bls. 46 – kafli 5.3.4.

⁷⁹ Alþingistíðindi, (1923), B-deild, 35. löggjafarþing, dálkar 1921-1924 og dálkur 1971. Úr ræðum Sveins Ó.

⁸⁰ Ólafur Lárusson, (1950), bls. 47. Þar sem hann segir: „Á þessu er nú orðin veruleg breyting“, fyrir miðja síðu.

sjálfri, sem segir, „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, *svo og öðrum*, sem heimildar hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur til að vinna úr því orku [...]“ [Leturbreyting mín, S.S]. Innra samræmi virðist því vera í niðurstöðu Hæstaréttar og verður að telja þessi orð hans mjög mikilvæga vísbendingu um hvernig líta eigi á réttindi yfir vatni í íslenskum rétti.

4.3.5. Eignarhæfi vatns á yfirborði jarðar

Þó má ekki taka því svo að niðurstaða Hæstaréttar færi okkur svar við eignarhæfi yfirborðvatns á silfurfati. Svo er ekki, hún er aðeins túlkun hans á gömlu vatnalögunum samkvæmt 1. ml. 61. gr. stjórnarskrárinnar í skilningi vildarréttarins. Fara verður veg beggja til að komast að niðurstöðu um eignarhæfið, bæði veg vildarréttarins og náttúrulegna.

Eðli vatns, náttúrulegt fyrirkomulag þess, er með þeim hætti að það tengist fasteigninni ekki varanlega. Réttur að því verður því ekki dreginn hlutaréttarlega af fasteigninni sem undir því er, sérstaklega hvað varðar straumvatn eða vatn í sífelldu rennsli. Það er ennfremur ósérgreint þangað til það hefur verið afmarkað og sérgreint í íláti, sem gerist fyrir athöfn manns en aldrei fyrir athafnaleysi. Nýtingarheimildir aðila geta þannig falið í sér einkarétt að vatninu eftir að hann hefur sérgreint það með athöfn sinni og þannig gert að sinni einkaeign.⁸¹

Nýtingarréttur að vatni í stað beinna eignarráða, leiðir þó ekki aðeins af fyrirkomulagi þess, eðli þess, heldur einnig af náttúrulegri þýðingu þess út frá sjónarhorni almannaréttarins. Þýðingu fyrir allan almenning. Sjónarhornið lýtur þannig að því að ekki sé hægt að veita einum manni umfram aðra, óskorðaðan einkarétt að lífsnauðsynlegu andlagi. Þar sem í slíkum einkarétti felst ekki aðeins jákvæður réttur (heimildir), heldur einnig neikvæður réttur, þ.e. réttur til að útiloka aðra frá andlaginu.⁸² Slíkan útilokunarrétt og þannig einkaeignarrétt má þó eiga að minniháttar vötnum og sérgreindu vatni, að því marki sem ekki gengur nærri vatnsþurftum heildarinnar.

Þetta er í samræmi við styrk almannaréttar í reglum rómversks réttar um eignarhald á vatni og ennfremur tvískiptingar hans í meiriháttar- og minniháttar vötn. Samræmist þetta ennfremur gömlu vatnalögunum sem telja verður líklega eftirmynd hins rómverska réttar. Allavega er ljóst að lögin gera sömu undantekningar á beinum eignarráðum smárra vatnamynda, líklega í ljósi þess að þau eru ekki mikilvæg í almannaréttarlegu tilliti eins og Ólafur Lárusson hefur bent á og fram kemur hjá *Ulpíanusi* lögsögumanni í greinargerðasafninu *Digesta*, hluta af lögbókinni

⁸¹ Þetta samræmist áðursögðum kenningum John Locke og Einars Arnórssonar. Sjá Locke, J. (1993), bls. 67-68, § 27 og Einar Arnórsson, (1919), bls. 17 og 18, *Ritgerð úr nefndaráli meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919*. Nýtingarheimild getur verið einkaréttur, þó skv. eðli hennar, útilokunarréttur nái aðeins til þess sem nýtt er.

⁸² Eyben, W.E. (1983), bls. 21. Orð hans um: „Rétt til að meina öðrum not eignar“ [Lausleg þýðing mín, S.S].

Corpus juris civilis. Ennfremur því sem eignarráð að meiriháttar vötnum lúta miklum takmörkunum í báðum tilvikum, fyrir sömu almannaréttarlegu sjónarmið.⁸³

Að ofansögðu verður því að álíta yfirborðsvatn að meginstefnu óeignarhæft. Straumvatn bæði í ljósi eðlis þess og almannaréttarlegs mikilvægis og aðrar meiriháttar vatnastöður vegna mikilvægi þeirra í almannaréttarlegu tilliti. Ekkert stæði þó í vegi þess að ákveðnar vatnamyndir á yfirborðinu væru eignarhæfar, ef þær teldust minniháttar og ekki mikilvægar þegar litið væri til heildarvatnsþarfar eða vatnsnýtingar samfélagsins. Mat á slíku þyrfti að sjálfsögðu að byggja á einhverskonar vísireglu, líkt og gert hefur verið í 9. gr. gömlu vatnalaga, þar sem talað er um minniháttar vötn, þó endurskoða þurfi líklega stöðu linda þar sem minniháttar vatna.⁸⁴ Að því sögðu eru gömlu vatnalögin nokkuð sniðin af því fyrirkomulagi að vatn sé að meginstefnu óeignarhæft og þyrftu þau því aðeins nýjan klæðnað, þar sem grunnhugsjóninni um óeignarhæfi vatns væri lýst yfir, viss ákvæði löguð að framtíðinni og önnur sett.

4.4. Vatn undir yfirborði jarðar

Vatn undir yfirborði jarðar er grunnvatn sem enn hefur ekki fundið sér leið til yfirborðs í hinni eilífu hringrás vatns í gegnum úrkomu, rennsli og uppgufun. Það er á sífældri hreyfingu en ekki í stöðu eins og oft er haldið og kemur víða upp á yfirborði í gegnum sprunguskara í bergi, þar sem landslag sker sig inn í þá eða lek jarðlög enda.⁸⁵

Kallast slík vatnsuppkoma lindir og má því sjá að tilvísun 9. gr. gömlu vatnalaga til linda sem minniháttar vatna getur verið villandi. Lindir geta þannig auðveldalega verið uppkoma meiriháttar vatns með almannaréttarlegu mikilvægi og er það því frekar vatnsmagnið sem uppsprettan gefur frá sér og varanleiki hennar sem gefið getur vísbendingu um flokkun hennar til minniháttar- eða meiriháttar vatna. Í raun bendir þetta eðli linda og ennfremur Kífsárdómurinn til þess að endurskoða þurfi upptalninguna í 9. gr. gömlu vatnalaga.

Þá má einnig telja jarðvegsvatn og jarðhitavatn til þess vatns sem kallað er hér „vatn undir yfirborði jarðar“ en það ber að athuga að báðar þessar stöður vatns eru í raun ekki sérstakar tegundir, heldur staðsetningar grunnvatns. Jarðhitavatnið hefur þannig farið djúpt í iður jarðar og tekið í sig varmaorku, jafnvel í svo miklu mæli að það kemur til yfirborðsins í formi gufu.⁸⁶ Jarðvegsvatn er aftur á móti annað hvort efsta lag grunnvatns eða það er ofan þess og þá

⁸³ Jústínaníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflí 12 í *Digesta* og Ólafur Lárússon, (1929), bls. 5.

⁸⁴ Hljóðan 9. gr. gefur í skyn að önnur vötn sem líkt eðli og umfang hafi og þau sem talin eru upp, geti talist til minniháttar vatna. Eðli hennar líkist því vísireglu sem vísar til vissra viðmiða frekar en tæmandi upptalningar.

⁸⁵ Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson, (1990), bls. 121-128, í *Lekt íslenskra jarðefna*.

⁸⁶ Guðmundur Pálmason, (2005), bls. 20-23.

blandað jarðvegnum.⁸⁷ Munur getur því verið á því hvort það tilheyrir grunnvatnsstraumi eða er orðið ósérgræinanlegt frá fasteigninni, jarðveginum.

Í rómverskum rétti var vatn undir yfirborði jarðar ekki talið sjálfstætt réttarandlag, heldur hluti þess jarðvegs sem það seytlaði úr, sbr. *Ulpianus* lögsögumann í *Digesta*.⁸⁸ Þetta samræmist því að *fons*, þ.e. lindir eða uppsprettur gátu verið í einkaeigu landeiganda í rómverskum rétti.⁸⁹ Heitt vatn sem spratt upp á yfirborð jarðar taldi *Ulpianus* heyra undir sömu reglur og kalt vatn sem það gerði. Um heitt neðanjarðarvatn ræddi hann ekki enda vatn undir yfirborði jarðar ekki sjálfstætt réttarandlag samkvæmt hugmyndum Rómverja.⁹⁰ Gömlu vatnalögin minnst ekki á grunnvatn berum orðum en Þorgeir Örlygsson hefur talið að fella mætti það undir sömu lögmál og önnur landsgæði yfirleitt og hefur hann því til stuðnings vísað til umfjöllunar Ólafs Lárussonar í ritgerðinni, *Vatnsrjettur*, þar sem Ólafur byggði á stefnu eldri norrænar löggjafar.⁹¹

4.4.1. Eignarhæfi vatns undir yfirborði jarðar

Þegar ályktað hefur verið um eignarhæfi yfirborðvatns, verður að telja að vatn undir yfirborði jarðar lúti í meginatriðum sömu lögmálum. Enda ekki séð að önnur sjónarmið eigi að gilda um slíkt vatn, þar sem það sé aðeins einn hluti af vatnshringrásinni og hafandi sama eðli og vatn á yfirborðinu í flestum tilvikum. Er sú ályktun í samræmi við niðurstöðu Ólafs Lárussonar í ritgerð hans, *Vatnsrjettur* og má til þess horfa varðandi eðli máls, þó eignarhaldsniðurstöðurnar séu ekki efnislega þær sömu.⁹² Enda horfði Ólafur á þeim tíma til eldri norrænar löggjafar sem byggði á því að réttur landeiganda yfir vatni á landareign væri hluti af rétti yfir vatnsleginu eða farvegsrúminu og lyti sömu lögmálum.

Ályktunin hér er því sbr. yfirborðsvatnið að vatn undir yfirborði jarðar sé að meginstefnu til óeignarhæft, samkvæmt sífelldu rennsli þess og ferðalagi í vatnshringrásinni. Skilur sú ályktun sig frá rómverska réttinum sem ekki taldi vatn undir yfirborðinu sjálfstætt réttarandlag, heldur hluta þeirrar fasteignar sem það undir rann. Hvort sú fasteignartenging stafaði af vanþekkingu á hegðun og sífelldu rennsli grunnvatnsins undir yfirborðinu eða af ríkri hlutaréttarhefð, þá er allavega ljóst að það samræmist illa þeirri meginreglu rómverska réttarins að vatn í sírennsli, sem streymi allan ársins hring, sé óeignarhæft.⁹³

⁸⁷ Freysteinn Sigurðsson, (2005), bls. 179 í *Vatn og vatnafar á Íslandi*.

⁸⁸ Jústiníanus, F.P.S. (2009), bók 43 – kafla 24 í *Digesta*.

⁸⁹ Jústiníanus, F.P.S. (2009), bók 43 – kafla 20 í *Digesta*.

⁹⁰ Jústiníanus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflar 20 og 24 í *Digesta*.

⁹¹ Þorgeir Örlygsson, (1994), bls. 583 og sami höfundur, (1998), bls. 92 í *Kaflar úr eignarrétti I*. Þar sem Þorgeir vísar til skrifta Ólafs Lárussonar í ritgerðinni *Vatnsrjettur*, úr ritinu *Skriðar kaflar hlutaréttar* frá árinu 1929.

⁹² Ólafur Lárusson, (1929), bls. 2-3, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*. Eignarhaldsniðurstöður eru ekki þær sömu, þar sem Ólafur byggði á eldri eignarstefnu sem ekki heyrir lengur til gildandi réttar í umræddum löndum.

⁹³ Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 17. Þar sem hann ræðir um ríka hlutaréttarhefð rómversks eignarréttar.

Slíkur var annars styrkur reglunnar á yfirborðinu að litlar lindár (grunnvatnsuppkomur), er voru í stöðugu streymi allt árið, töldust ekki hæfar landeiganda einum til eignar heldur voru flokkaðar sem meiriháttar vötn.⁹⁴ Er erfitt að sjá afhverju þessi lagalegi munur á grunnvatnsrennsli ofan- og neðanjarðar ætti að stafa.

Það verður því tæplega hægt að fallast á það að vatn undir yfirborðinu eigi öðrum lögmálum að lúta en yfirborðsvatn yfirleitt, enda leiðir það beint af því að það er aðeins grunnvatn sem ekki hefur enn leitað upp á yfirborðið. Reglurnar eru því sem áður að vatnið sé óeignarhæft þar sem það er í rennsli eða slíku meiriháttar upplagi að það sé almannaréttarlega mikilvægt. Áðursagða fyrirvara verður þó að gera við jarðvegsvatn sem ósérgreinanlegt er frá jarðveginum, ennfremur því sem ákveðnar minniháttar uppsprettur eða lindir geta verið lítilvægar eða tímabundnar og þannig hæfar til einkaeignar.

Sá mælikvarði var þó ekki algildur í rómverskum rétti og lindir og uppsprettur stundum í einkaeigu, þrátt fyrir meira umfang. Hefur þetta að öllum líkindum ratað þaðan inn í 9. gr. gömlu vatnalaga og olli nokkrum vandkvæðum í Kífsármálinu og seinna skilgreiningarvanda fyrir þá fræðimenn sem létu sig málið varða.

Verður þar einnig að geta þess að samkvæmt 10. gr. gömlu vatnalaga fer með heitt vatn í formi hvera, lauga og ölkelda á sama hátt og vatnamyndir í 9. gr. Skilgreining heimilda yfir þeim í lögunum er því neikvæð, fyrir utan tvær almannaréttarlegar takmarkanir sem taldar eru upp í greininni.⁹⁵ Hafa fræðimenn því viljað telja þessar heitavatnsmyndir til minniháttar vatna í skilningi laganna og að landeigandi hafi yfir þeim sambærilegar heimildir og öðrum landsgæðum.⁹⁶

Í þessu ljósi og því sem áður hefur verið sagt um lindir, er líklegt að færa þurfi þær úr 9. gr. ef vatn væri ákvarðað að meginstefnu óeignarhæft. Áður hafa verið leiddar líkur að því að þetta fyrirkomulag, eigi uppruna sinn í minniháttar vatna hugmyndum rómversks réttar sem ekki verði felldar að öllu leyti að nútímaþekkingu á eðli vatns undir yfirborði jarðar.

⁹⁴ Sigurður Gizurarson, (1992), bls. 116.

⁹⁵ Sigurður Línadal, (1983), bls. 21. Hefur í þessu sambandi tekið fram að réttur landeiganda til að nýta sér jarðhita á landi sínu, lúti ekki öðrum takmörkunum en þeim sem hans eigin bolmagn, réttur annarra og landslög setji. Samrýmist það ágætlega því fyrirkomulagi sem á heitavatnsheimildum landeiganda er haft í 10. gr., þó augljóst sé af máli Sigurðar að hann telur þar um að ræða hagnýtingarrétt sem lúta þurfi almannaréttarlegum takmörkunum.

⁹⁶ Ólafur Lárússon, (1929), bls. 5, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*. Er það skiljanlegt í ljósi þess hvernig greinarnar hljóða, ennfremur því sem 12. gr. frumvarpsins sem meirihluti fossanefndar skilaði árið 1919, sem síðar varð formyndin að frumvarpi Einars Arnórssonar frá 1921, sem loks var samþykkt að breyttu breytanda sem gömlu vatnalög árið 1923, hljóðaði svo: „Hverir, laugar og ölkeldur skulu með landsgæðum taldar [...]“ Alþingistíðindi, (1919), A-deild, 31. löggjafarþing, þskj. 42. bls. 370. Orðalagi hennar var þó einmitt breytt á þskj. 19 til að færa þessar vatnamyndir undan landsgæða skilgreiningunni sbr. umfjöllun um 10 gr. í athugasemdum 2. kafla frumvarpsins. Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 19, bls. 182. Ólafur Lárússon telur þó engu að síður játast af þesskonar vatnamyndum, víðtækari réttur, sbr. umfjöllun hans á tilvísaðri bls. 5.

4.5. Vatn í föstu formi

Vatn í föstu formi nýtur ákveðnar sérstöðu í hlutaréttarlegum skilningi þar sem það hefur breytt um eðlisform og er þannig orðið sem hvert annað fastaefni á yfirborði jarðar. Enda taldi Ólafur Lárússon að ís og snjór á landareign, gæti verið undirorpið eignarrétti landeiganda.⁹⁷ Er hann þar eflaust að vísa til einkaeignarréttar sem felur jafnframt jákvæðum rétti (heimildum), í sér neikvæðan rétt eiganda til að útiloka aðra frá því að nýta sér eignarandlag hans. Má þessum hugmyndum ljóslega sjá stoð í 14. gr. gömlu vatnalaga þar sem tekið er fram að landeiganda einum skuli heimil ístaka á landi sínu.

4.5.1. Eignarhæfi vatns í föstu formi

Eignarhæfi vatns í föstu formi, ís og snjó, má vel færa að þeirri hugmynd að ekkert sé því til fyrirstöðu að slíkar vatnamyndir geti verið eignarrétti háðar, enda verða þær auðveldlega sérgreindar og hafa í sér eiginleika hlutaréttarlegs gagns. Ennfremur því sem vatnið heldur þessu formi yfirleitt aðeins um stund.⁹⁸ Hlutaréttarlega takmörkunin sem á við um rennandi vatn á því ekki við um vatn í föstu formi og það mætti því telja að meginstefnu eignarhæft.

4.6. Nágrannabjóðir og eignarhæfi vatns

Engu réttarkerfi eða þjóðfélagi er hollt að horfa alfarið á lagaleg og samfélagsleg álitafni út frá eigin ranni. Gagnlegt getur verið að fá lánaða sýn nágrannabjóðar á álitafni sem fyrir vefjast, sérstaklega þegar skyldleiki er með þjóðfélags- og réttararfleifð tveggja þjóða. Líkast Íslandi að staðháttum og vatnalegu er Noregur og því víðeigandi að skoða hvernig Norðmenn hafa tekið á spurningum um eignarhæfi og eignarhald á vatni í sinni löggjöf. Ennfremur stuttlega, hvernig Svíar og Danir haga vatnalöggjöf sinni í dag.

Áður hafði verið að því vikið að Ólafur Lárússon hafi horft til norrænnar löggjafarstefnu þegar hann skrifaði ritgerð sína, *Vatnsrjettur*, árið 1929. Ennfremur að í anda þeirrar stefnu hafi hann talið réttinn yfir vatni á landa eign, hluta af eignarrétti yfir farvegi þess. Telja verður að *Norsku vatnalögin frá árinu 1887*, hafi verið vægisþung í skrifum hans.⁹⁹ Þar sem 1. gr. þeirra laga, kvað á um eignarrétt, *eiendomsberettiget* að vatni sem um farveg landeiganda rynni. Kom þetta skýrustum orðum fram í upphaflegri mynd greinarinnar í frumvarpsdrögum, sem hljóðaði svo,

⁹⁷ Ólafur Lárússon, (1929), bls. 1-2, *Ritgerð úr skrifuðum köflum hlutaréttar*.

⁹⁸ Þótt jöklar, fjallstindar og íslón séu undantekningar frá því, en slík svæði eru sjaldnast í einkaeigu.

⁹⁹ Er þetta sagt í ljósi þess að lög nr. 3/1940, Lov om vassdragene, höfðu ekki tekið gildi þegar Ólafur skrifaði ritgerð sína. Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 95, í *Norræn löggjöf um vatn og vatnsréttindi*, hefur talið að lögin frá árinu 1940 hafi byggt að vissu leyti á áliti *Vatnafallanefndar Scheel*, enda má sjá að *eiendomm* (eignarréttur) náði aðeins til landsins sem vatnið rann um, „*tilfaller eierne av den grunn sem vatnet [...] har løp over*“ sbr. § 6, eða *privat rådhighet* takmarkað af *allmenne intresser* sbr. § 8. NOU, (1994:12), kafla 5.2.1. bls. 46.

„eiendomsberettiget til det vand som grunden paa løper“.¹⁰⁰ Eftir breytingar sem gerðar voru á greininni var enn talað um „eignarrétt“ að vatninu og var greinin því í töluverðu ósamræmi við þá nafngift sem löggin hlutu, þ.e. *Lov om vassdragens benyttelse* eða lög um vatnsnýtingu.

Endurspeglar ósamræmið milli nafnsins og inntaks greinarinnar svo vel þá nafnadeilu sem varð innan *Vatnalaganefndar Friðriks Brandts frá árinu 1881*, sem samdi frumvarpið og ítarlega greinargerð með því.¹⁰¹ Sú nafnadeila var sú nákvæmlega sama og síðar átti eftir að blossa upp innan *Fossanefndarinnar*, þ.e. hvort réttur landeiganda yfir vatni á landi sínu, skyldi kallast eignarréttur eða nýtingarréttur. Kom fram í greinargerðinni að snúið hefði verið frá hinni fornu rómversku reglu að rennandi vatn í náttúrunni, *auqa profluens* væri óeignarhæft og þess í stað horft til hinnar þjóðlegu réttarreglu að vatn væri eign landeiganda.¹⁰² Má vel leiða líkur af því að tíðarandi hafi nokkru ráðið við þess lagasetningu enda náttúruvéttur 17. og 18. aldar á hröðu undanhaldi fyrir frjálshyggju 19. aldarinnar. Er það ekki órökrétt ályktun í ljósi þess að rómverskur vatnsréttur bar hátt boðskap náttúruvéttarins.¹⁰³

Lögin frá árinu 1887, urðu þó fljótlega fyrir mikilli gagnrýni og fór þar fremstur í flokki laga-prófessorinn Hermann Scheel. Scheel sagði rökfræðileg lögmál meina því að hægt væri að ræða um „eignarrétt“ að rennandi vatni. Hlutaréttur gerði ennfremur kröfu um skýrt afmarkað eignarandlag og það gæti ósérgreint vatn ómögulega talist.¹⁰⁴ Sögustefnumenn neituðu þessu og töldu ekki annað þurfa að koma til, en að þjóðleg hefð, játaði eignarrétt yfir vatni.¹⁰⁵ Vitund hverrar þjóðar skapaði sinn rétt, en ekki einhver ævarandi sannindi náttúruvéttarins.¹⁰⁶

Svo fór þó, að Scheel var fengið forsæti í nýrri *Vatnafallanefnd árið 1909-1918*, sem fékk það hlutverk að semja frumvarp að nýjum vatnalögum. Var útfrá því gengið í frumvarpinu að landeigandi ætti ekki eignarrétt að vatni á landi sínu, heldur umráða- og nýtingarrétt, „retten til at raade over og nyttiggjøre“. Varð það frumvarp ekki að lögum en hugmyndir þess rötuðu inn í *Vatnsmiðlunarlögin frá árinu 1917* (sérleyfislögin), þar sem eignarráð landeiganda voru stór-

¹⁰⁰ Eignarréttur til þess vatns sem um jörðina rennur [Þýðing mín, S.S.] sbr. endanlega § 1, „eiendomsberettiget til det vand som findes paa grunden“. NOU (1994:12), kafla 11.2.1. bls. 158.

¹⁰¹ Brandt, F. (1881), Forslag til Lov angaaende vassdragenes benyttelse med motiver og anhang, en umfjöllun um frumvarpið og greinargerðina má einnig finna í NOU, (1994:12), kafla 5.1.2, bls. 42-43.

¹⁰² Brandt, F. (1881), bls. 27. Með tilvísun til „þjóðlegrar réttarreglu“ um eignarrétt landeiganda að vatni, hlýtur þar átt við Gulapingslög eða Hákonarbók (Járnsíðu), því germanska réttararfleifðin, óðalsrétturinn, hét landeiganda mun takmarkaðri rétt yfir landsgæðum, er tilheyrðu á endanum konungi sbr. Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 27. Sjá varðandi eignarrétt í Gulapingslögum í Motzfeldt, U.A. (1908), bls. 32 sbr. Bjarni Jónsson, (1919), bls. 4.

¹⁰³ Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 57-58, um 19. öld og Jústínaníus, F.P.S. (1896), bók 2 – kafla 1, § 1 – setning 1, um meiriháttar vötn sem almenningsseign, *res omnium communes* á grundvelli náttúruvéttarins, *ius naturale*.

¹⁰⁴ Scheel, H. (1912), bls. 246-247.

¹⁰⁵ Motzfeldt, U.A. (1908), bls. 86.

¹⁰⁶ Sigurður Línal, (2007), bls. 70-73, umfjöllun hans um sögustefnuna.

lega takmörkuð varðandi virkjun¹⁰⁷. Rétturinn yfir vatni var ennfremur ekki nefndur eignarréttur í þeim lögum, heldur „grundeierens raadighet over vandet“.¹⁰⁸

Sett voru síðan vatnalög árið 1940, sem fóru milliveg beggja vatnamálanefnda, bæði Brandts og Scheel. Þegar svo ný vatnalög voru sett í Noregi árið 2000, sem lög nr. 82 um yfirborðs- og grunnvatn, *Lov om vassdrag og grunnvann* var greinilega snúið aftur til hugmynda Scheel. Þar sem það er bara sjálft vatnslegið eða farvegsrúmið sem háð er eignarrétti en vatnið lýtur aðeins umráðarétti landeigandans.¹⁰⁹ Má skýrlega lesa þetta úr 13. gr. laganna sem ber fyrirsögnina „Hovedreglen om grunneierens raadighet“ og í 3. mgr. hennar stendur:¹¹⁰

Grunneieren kan motsette seg at andre uten særskilt rettsgrunnlag utøver raadighet over vassdrag som tilhører ham. Innenfor de rammer lovgivningen setter, kan grunneieren selv råde over vassdraget så langt ikke særlige rettigheder er til hinder for dette.¹¹¹

Í hefðbundnum einkaeignarrétti er venjulega innbyggður neikvæður réttur að auki hinum jákvæða, þ.e. meðferðar heimildunum. Neikvæði rétturinn er þannig réttur til að útiloka aðra frá andlaginu. Í greininni hér að ofan er aftur móti sérstaklega tekið fram að landeigandi hafi rétt til að útiloka aðra frá ráðstöfun vatns á landi sínu ef slík ráðstöfun annarra aðila hvílir ekki á sérstakri heimild. Þetta telur Aagot V. Óskarsdóttir, í grein sinni, *Hver á vatnið?* benda til þess að réttur til að útiloka nýtingu og ráðstöfun annarra samkvæmt lögnum sé ekki sjálfkrafa innbyggður í einkarétt landeiganda að vatni á landi sínu eins og almennt er með einkaeignarrétt að efnislegum verðmætum, heldur ákvarðist af upptalningu laganna á heimildum annarra til vatnsins.¹¹²

Vísar þetta til þess að ekki sé fyrir að fara einkaeignarrétti landeiganda, sem vanalega myndi fela í sér allar heimildir beins eignarréttar.¹¹³ Heldur sé réttur landeigandans samkvæmt lögum nr. 82/2000, aðeins óbein réttur til ráðstöfunar og nýtingar vatns sem leiði af beinum eignarrétti hans yfir vatnsleginu eða farvegsrúminu.

¹⁰⁷ Lög nr. 17/1917, *Lov om vassdragsreguleringer*.

¹⁰⁸ Lund, K. (1973), bls. 220 sbr. einnig NOU, (1994:12), kafli 5.2.2, bls. 45 og 47.

¹⁰⁹ Falkanger, T. og Haagenen, K. (2002), bls. 33-34.

¹¹⁰ Meginreglan um umráðarétt landeiganda [Þýðing mín, S.S].

¹¹¹ Landeigandi hefur rétt til að takmarka ráðstöfun annarra á vatni á landi sínu, hvíli slík ráðstöfun ekki á sérstakri heimild. Innan þess ramma sem löggin setja, skulu umráð vatnsins vera í höndum landeigandans [Lausleg þýðing mín, S.S].

¹¹² Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 108, í *Hver á vatnið?*

¹¹³ Þ.e. umráðarétt, ráðstöfunarrétt, hagnýtingarrétt, skuldsetningar- og tryggingarrétt, arfleiðslurétt og eignarverndarrétt sbr. Sigurður Línadal, (2007), bls. 58 í *Um þjóðareign* og Eyvindur G. Gunnarsson, (2009), bls. 375, sem hinar jákvæðu heimildir og svo útilokunarréttur sem hin neikvæða heimild sbr. Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 208-209, í *Minnisblað um vatnsréttindi og eignarrétt að auðlindum* (þó segja mætti eignarverndarrétt beggja blands).

Er þetta eðlilegt í ljósi þess að norsk vatnalöggjöf byggir í dag á rómversku meginreglunni, um að vatn sem fljótandi efni í náttúrunni, *auqa profluens* geti ekki verið undirorpið beinum einkaeignarrétti.¹¹⁴ Kemur þetta fram í ítarlegri greinargerð sem fylgdi frumvarpi að lögunum og sem birt er í heild sinni í *Norges offentlige utredninger* (NOU).¹¹⁵ Reglan hefur þó ávallt blundað í norskum rétti og var sérstaklega sýnileg á því tímabili sem Scheel fór fyrir *Vatnafallanefndinni árin 1909-1918*. Hæstiréttur Noregs kvað þannig upp dóm í anda hennar árið 1922, þar sem hann sagði að ekki skyldi líta á rétt landeiganda yfir rennandi vatni sem eignarrétt, þar sem það væri í eðli sínu eigandalaust. Heldur skyldi líta á rétt landeiganda sem nýtingarrétt sem leiddi af eignarréttinum yfir landinu.¹¹⁶

Ef horft er til annarra Norðurlanda, þá hafa Svíþjóð og Noregur í ljósi legu landanna, gjarnan fylgst að varðandi vatnalöggjöf. Staða þjóðanna í tilliti Evrópusambandsins hefur þó riðlað því samfloti nokkuð hin síðari ár, þar sem umhverfis og verndunarmiðaðrar löggjafar sambandsins hefur eðlilega gætt fyrir í sambandsríkjunum.¹¹⁷ Nú er þannig sænsk vatnalöggjöf að mestu skipt milli tveggja lagabálka frá árinu 1998, annars vegar umhverfislaga nr. 808 og hins vegar vatnaframkvæmdarlaga nr. 812.¹¹⁸ Í 2. gr. annars kafla vatnaframkvæmdarlaganna, *Lag om [...] vattenverksamhet* kemur svo fram meginregla sænskra laga um samband landeiganda við vatn á landi sínu, undir fyrirsögninni „Rådighet över vatten“. Hún er svo hljóðandi:

Var och råder över det vatten som finns inom hans fastighet.¹¹⁹

Hér er sambandið greinilega á formi ráðstöfunarréttar og í undirbúningsgögnum laganna kemur fram að þar sem vatn væri á sífelldri hreyfingu í náttúrunni væri ekki heppilegt að tala um eignarrétt að því sem slíku.¹²⁰

Ef horft er síðan til Danmörku, þá hafa Danir aldrei viðurkennt eignarrétt að vatni.¹²¹ Er vatnalöggjöf þeirra skipt milli nokkra lagabálka líkt og hjá Svíum, þar sem nokkrir kaflar umhverfislaga taka á vatni og vatnsveitulögin eru mikilvæg vegna þess hvað landið er flatlent.¹²² Í lögum nr. 927 frá árinu 2009, *Vandløbsloven*, er vötnum skipt í tvennt.¹²³ Annars vegar einkavötn og

¹¹⁴ Falkanger, T. (1993), bls. 54 og Brækhus, S. og Hærem, A. (1964), bls. 547. Meiri efi var um stöðu reglunnar í eldri rétti, sjá Vislie, A. (1944), bls. 21-24, en er í dag, sbr. Falkanger, T. og Haagensen, K. (2002), bls. 33-34.

¹¹⁵ Fylgiskjal 5. – Greinargerð laga nr. 82/2000, birt í NOU – tilvísun í kafla 11.2, *Gjeldende norsk rett*, bls. 159.

¹¹⁶ Rt. 1922:489. Sjá umfjöllun í Falkanger, T. og Falkanger, A.T. (2007), bls. 58.

¹¹⁷ Bæði Svíþjóð og Danmörk hafa samræmt löggjöf sína að vatnatilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/60/EC.

¹¹⁸ Miljöbalken (1998:808) og Lag (1998:812) með særskilda bestämmelser om vattenverksamhet.

¹¹⁹ Hver ræður yfir vatni sem finnst á fasteign hans [Þýðing mín, S.S].

¹²⁰ Karnov, (1999), bls. 2359, í *Svensk lagsamling med kommentarer 1999/2000*.

¹²¹ Anker, H.T. (2006), bls. 539.

¹²² Miljømålsloven nr. 932/2009 og Vandforsyningsloven nr. 635/2010 [Upprunalega lög nr. 1/2003 og 299/1978].

¹²³ Anker, H.T. (2006), bls. 532.

hins vegar opinber vötn sbr. 8. gr., líkt og í rómverska réttinum. Meginregluna um samband landeiganda við einkavatn á jörðu sinni er að finna í 35. gr., sem hljóðar að hluta svo:

Vedligeholdelsen af private vandløb påhviler bredejerne [...] eller efter § 36 er truffet anden bestemmelse.¹²⁴

Samkvæmt greininni hvíla því umráðin, *vedligeholdelsen* hjá landeiganda ef ekki er öðru vísi á um kveðið í 36. gr. sem tiltekur að:

Vandløbsmyndigheden kan fastsætte bestemmelser om vedligeholdelsens omfang og udfør [...].¹²⁵

Meginreglan er því sú að umráðin eru í höndum þess sem á vatnslegið eða farvegrúmið en umfang og útfærsla umráðanna kann að lúta takmörkun eða ákvörðun vatnastjórnvalds undir heitinu, *Vandløbsmyndigheden*. Er því ekki fyrir að fara neinum einkaeignarrétti að einkavatni í Danmörku, þar sem endalegt ákvörðunarvald andlagsins er í höndum stjórnvaldsins. Opinber vötn lúta svo alfarið ákvörðunarvaldi stjórnvaldsins sbr. 31. gr. og umhverfissráðuneytisins þar sem um umhverfismál er að ræða. Má því segja að Danir gangi jafnvel lengra en Rómverjarnir gerðu á sínum tíma, í að færa vatn undir almannaréttinn.

Allar þessar þrjár nágrannapjóðir okkar eiga það svo jafnframt sameiginlegt að hafa fellt vatnalöggjöf sína að vatnatilskipun Evrópusambandsins. Svíþjóð og Danmörk eðlilega gegnum lagsamræmingu en Noregur að vissu marki líka þar sem leyfisskylda hefur verið tekin upp til að tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar sem sé, eins og sagði í 1. mgr. aðfararorða tilskipunarinnar, „arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka“.¹²⁶

4.6.1. Eignarhæfi vatns í augum nágranna

Ljóst er því, þegar litið hefur verið á eignarhæfi vatns með augum þeirra nágrannapjóða okkar sem svipaða þjóðfélags- og réttararfleifð hafa, að almennt er vatn ekki beinum eignarrétti undirorpið. Norðmenn taka það beinlínis fram í undirbúningsgögnum að löggjöf sinni að þeir byggji á meginreglunni um óeignarhæfi vatns.¹²⁷ Svíar vísa ekki svo afdráttarlaust til reglunnar um óeignarhæfi vatns en taka þó fram að ekki sé heppilegt að tala um eignarrétt að vatni sem sé á sífelltri hreyfingu í náttúrunni og löggjöf þeirra heimilar í raun aðeins umráð þess.¹²⁸ Danir hafa aldrei viðurkennt eignarrétt að vatni og ljóslega má sjá af löggjöf þeirra að almannaréttur er

¹²⁴ Umrád einkavatna hvíla í höndum landeiganda, upp að því marki sem 36. gr. kveður á um [Þýðing mín, S.S].

¹²⁵ Vatnastjórn getur kveðið nánar á um umfang og útfærslu umráða með reglusetningu [Þýðing mín S.S].

¹²⁶ Sérstöku stjórnvaldi, Vassdragsmyndigheten er ætlað samkvæmt 11. og 12. kafla laga nr. 82/2000 að sjá um auðlindastýringu auk vatnsmiðlunarlaganna (sérleyfislaga) sem breytt var síðast með lögum nr. 106/2009.

¹²⁷ Fylgiskjal 5. – Greinargerð laga nr. 82/2000 - bls. 159, sbr. Falkanger, T. og Haagensen, K. (2002), bls. 33-34.

¹²⁸ Karnov, (1999), bls. 2359, í *Svensk lagsamling med kommentarer 1999/2000*.

þungamiðjan hennar, auk þess sem hún sækir líklega tvískiptingu sína í opinber og einkavötn til rómversks réttar. Réttur til einkavatna er svo í formi umráða sem ennfremur lýtur endanlegu boðvaldi allsherjarréttarlegs stjórnvalds, þannig að annað verður vart ályktað en að Danir telji vatn í eðli sínu, *res omnium communes*, allsherjargagn sem ekki lúti beinum einkaeignarrétti.¹²⁹ Bendir þetta til þess að í augum okkar næstu nágranna, sé vatn að meginstefnu óeignarhæft.¹³⁰

5. Eignarstefnur og eigendur að vatni

5.1. Eignarstefnur

Nú þegar ályktað hefur verið um eignarhæfi vatns í sínum mörgu myndum er tímabært að varpa stuttlega ljósi á þær þrjár meginstefnur sem komið hafa fram í íslenskum rétti um eignarhald á vatni. Segja má að þær hafi allar vaknað til lífsins, þegar skipuð var nefnd árið 1917 til að kveða á um hvernig fara bæri með eignarrétt að íslenskum fossum, sem tækni var að gera virkjanlega og þannig að ómældum auði. Álit minnihluta og meirihluta nefndarinnar sem síðar hefur verið nefnd *Fossanefndin* varð svo fræðilegur grundvöllur að þeirri lagaumræðu og lagasetningu sem varð gömlu vatnalögin. Fyrsta af stefnunum ber að nefna séreignarstefnuna, en hún byggir á því að eignarréttur að vatni og landi sé samofin, þ.e. að vatn sé eitt af landsgæðum og að landeigandi hafi sömu heimildir yfir vatni og yfir fasteigninni sem það hefur stöðu á eða rennur um. Næsta ber að nefna allsherjarstefnuna, en samkvæmt henni skal vatn að meginstefnu vera í ríkiseign eða háð ríkisyfirráðum. Loks er það stefnan um óeignarhæfi vatns, en þar er á því byggt að ósérgreint vatn geti hvorki verið háð eignarrétti einstaklinga eða ríkis.

5.1.1. Séreignarstefnan

Eins og fram hefur komið, vildi minnihluti *Fossanefndar* viðurkenna eignarrétt landeiganda að vatni með sama hætti og yfir landinu sjálfu, þ.e. allar þær eignarheimildir sem ekki væru beint undanskildar í lögum, venju eða með samningum. Ekki mátti þó greina orðið eignarréttur í 2. gr. frumvarps minnihlutans til vatnalaga árið 1919 sem var svohljóðandi:

Landi hverju fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á því er, hvort sem það er rennandi eða kyrt, *með þeim takmörkunum*, sem lög, venjur eða aðrar heimildir hafa í för með sér.¹³¹ [Leturbreyting mín, S.S]

Hér er þó augljóslega byggt á neikvæðri skilgreiningu réttar, þar sem heimildirnar sem í honum felast eru ekki taldar upp með jákvæðum hætti, heldur eru aðeins takmarkaðar að því leyti sem

¹²⁹ Anker, H.T. (2006), bls. 539.

¹³⁰ Sömu ályktun dregur Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 143 í *Norræn löggjöf um vatn og vatnsréttindi*.

¹³¹ Alþingistíðindi, (1919), A-deild, 31. löggjafarþing, þskj. 88. bls. 459 - 2. gr. á sömu síðu.

beinlínis er kveðið á um í öðrum réttarheimildum. Enda kom skýrlega fram í ræðu Svein Ólafssonar frá Firði sem var framsögumaður frumvarpsins að hann taldi eignarétt felast í umráðum landeiganda sbr. eftirfarandi orð úr ræðu hans:

Það skiftir í sjálfur sjer engu máli, hvort rjettur eigandans er táknaður með orðinu „eignarrjettur“ eða öðru orði sem nær því hugtaki og nýtur sömu helgi. Jeg hefi nefnt rjett eignarumráð, ýmsir tákna hann með orðunum yfirráð eða umráð [...] *Allir vita, að sá umráðarjettur, á hverju sem er, sem útilokar umráð annara manna, er jafngildur eignarrjetti.*¹³² [Leturbreyting mín, S.S]

Þessi orð taka af allan efa um það að stefna minnihlutans var séreignarréttur að vatni sem í fólst heimild til að útiloka aðra frá notum eignarinnar, rétt eins og um fasteignina sjálfa væri að ræða enda hefur stefna minnihlutans kristallast í þeim stefnum fræðimanna sem telja heimildir yfir vatni vera þátt í beinum eignarráðum landeigandans yfir fasteigninni.

5.1.2. Allsherjarstefnan

Í allsherjarstefnu líkri þeirri sem meirihluti *Fossanefndar* stóð fyrir felst vanalega að eignarandlag sé eign ríkisins eða sé undir yfirráðum þess og ef nýta eigi andlagið þurfi ríkisleyfi (sérleyfi).¹³³ Stefna meirihlutans var þó blandaðri en svo og fólust raunar í henni tvær stefnur. Annars vegar sú að vatnið væri ekki eign landeiganda heldur ríkisins og hins vegar sú að vatnið væri í raun óeignarhæft, allavega stærri vötn og vatnsföll og háð ríkisyfirráðum. Felldi meirihlutinn þessar tvær stefnur undir sama hatt, með þeim orðum að lítill munur væri á þeim þegar horft væri til þess að ríkið hefði yfirráð vatnsins í sínum höndum í báðum tilfellum.¹³⁴ Vatn í einhverju umfangi skyldi því undanþegið eignarrétti og að eignarlandi fylgdu aðeins tiltekna þrengri hagnýtingarheimildir, sem skyldu tilgreindar í lögum en vera annars ríkisins.¹³⁵ Þessar hugmyndir má greinilega merkja af orðum 2. gr. frumvarpsins sem meirihlutinn lagði fram árið 1919:

Hver maður má hagnýta sjer vatn, hvort sem það er straumvatn eða stöðuvatn, með þeim hætti sem lög standa til.¹³⁶ [Leturbreyting mín, S.S]

Hér er augljóslega kveðið á um hagnýtingarréttinn yfir vatni með jákvæðum hætti, þ.e. aðeins þau hagnot vatns skulu heimil, sem lög beinlínis kveða á um. Þó skyldi leyfast víðtækari réttur yfir minniháttar vötnum, þar á meðal lindum og yfir heitu vatni í jörðu og jarðhita yfirleitt. Má velta því fyrir sér hvort meirihlutinn gerði sér grein fyrir gífurlegu almannaréttarlegu mikil-

¹³² Alþingistíðindi, (1919), B-deild, 31. löggjafarþing, dálkar 1097-1098. Framsöguræða Sveins Ólafssonar.

¹³³ Guðmundur Björnsson, (1919). bls. 4, *Ritgerð úr nefndaráli meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919.*

¹³⁴ Fossanefnd, (1919), bls. 17-18, *Nefndaráli meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919.* Sjá einnig Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 94, í *Hver á vatnið?*

¹³⁵ Gaukur Jörundsson, (1982), bls. 43 – kafli 5.1.

¹³⁶ Alþingistíðindi, (1919), A-deild, 31. löggjafarþing, þskj. 42. bls 367- 2. gr. á bls. 368.

vægi og verðmæti grunnvatnsins, bæði heitu sem og köldu, þegar hann hélt tryggð við rómversku reglurnar um lindir, heitar og kaldar sem einkaeignarhæf minniháttar vötn.¹³⁷

5.1.3. Stefnan um óeignarhæfi vatns

Stefnan um að vatn sé ekki hæft til eignar vegna eðli síns er ævafor. Í íslenskan rétt hefur hún að öllum líkindum ratað úr rómverskum rétti ef marka má skrif fræðimanna sem um hana hafa fjallað og sem tekið hafa þátt í mótun íslensks vatnsréttar.¹³⁸ Um eðli hennar var ítarlega fjallað í köflunum hérna að framan og því frekar ástæða til þess að sjá að hvaða marki hennar gætti þegar gömlu vatnalögin voru samþykkt. Hvort stefnan hafi legið til grundvallar, þegar 2. gr. laganna tók sína endanlegu mynd, enda felst í greininni, eðli þess réttar sem játaður er yfir vatni í íslenskum rétti.

Af athugasemdum í frumvarpi Einar Arnórssonar til vatnalaga frá árinu 1921, sem að breyttu breytanda varð að gömlu vatnalögum, er látið liggja milli hluta að nefna þann rétt sem landeigandi átti yfir vatni á landi sínu, en sagt að vatnsréttindi fylgdu landinu og þegar greinin sjálf er skoðuð sést að rétturinn er skilgreindur neikvætt.¹³⁹ Greinin var þannig nánast samhljóðandi 2. gr. frumvarps minnihluta *Fossanefndar* frá árinu 1919 og vöknudu fljótlega deilur um hana í báðum deildum þingsins.¹⁴⁰

Í kjölfarið var vatnamálanefndum efri- og neðrideildar steipt saman í eina nefnd sem fékk heitið, *Samvinnunefndin*. Klofnaði hún líkt og *Fossanefndin* og um nákvæmlega sömu atriði, þ.e. hvort fara ætti jákvæða eða neikvæða leið til að skilgreina rétt landeiganda yfir vatni á landi sínu eða með öðrum orðum eðli réttarins. Meirihluti *Samvinnunefndarinnar* virtist þannig ganga útfrá því að vatn væri að meginstefnu óeignarhæft, ef marka má þessi orð úr nefndarálit hans:

Þar sem minnihlutinn heldur því fram, að vatn sje nú að lögum háð eignarrjetti einstaklinga og skuli vera það framvegis, álitur meirihlutinn, að eðlilegra sje, sanngjarnara og þjóðfjelaginu hollara að vatnið sje undanþegið eignarrjetti í eiginlegum skilningi. Eðlilegra vegna þess, að vatn er að ýmsu leyti *óeignarhæft*.¹⁴¹ [Leturbreyting mín, S.S]

¹³⁷ Sigurður Gizurason, (1992), bls. 143 og Jústíaníus, F.P.S. (2009), bók 43 – kaflar 12, 14, 20 og 24 í *Digesta*.

¹³⁸ M.a. Einar Arnórsson, (1919), bls. 17, telur straumvatn óeignarhæft sem er rómverska meginreglan og Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 17-22, fjallar um rómverskan eignarrétt og síðar (1982), bls. 43-44, tvískiptir hann orðið vötnum í meiriháttar- og minniháttar vötn í anda rómversks réttar.

¹³⁹ Fylgiskjal 6. – Athugasemdir við 2. gr. í frumvarpi Einar Arnórssonar frá 1921, bls. 180, sbr. 2. gr. frumvarpsins sjálfs [Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 19, bls. 138].

¹⁴⁰ Fylgiskjal 7. – 2. gr. frumvarps minnihluta *fossanefndar* frá 1919 [Alþingistíðindi, (1919), A-deild, 31. löggjafarþing, þskj. 88. bls. 459] sbr. 2. gr. í frumvarpi Einar Arnórssonar frá 1921, þskj. 19, bls. 138.

¹⁴¹ Fylgiskjal 8. – Nefndarálit meirihluta *Samvinnunefndar* [Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 400, bls. 999].

Í samræmi við þetta álit sitt, setti meirihlutinn samtímis fram breytingartillögu á 2. gr. sem var svohljóðandi:

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lög þessi heimila.

Hér er hin jákvæða skilgreiningarleið farin og er þetta nákvæmlega sú orðun greinarinnar sem tveimur árum seinna var tekin upp af minnihluta vatnamálanefndar, þeim Bjarna Jónssyni og Jóni Þorlákssyni, fyrrverandi meirihluta mönnum í *Fossanefnd* og sett fram sem breytingartillaga við frumvarpið sem varð að gömlu vatnalögum.¹⁴² Breytingartillagan var felld í fyrstu atrennu en svo samþykkt í þeirri seinni og er nú 2. gr. gömlu vatnalaga.¹⁴³ Verður því vart annað ályktað en að stefnan um óeignarhæfi vatns hafi legið 2. gr. gömlu vatnalaga til grundvallar þegar löggin voru samþykkt á Alþingi árið 1923.

5.2. Eigendur að vatni

Þó vatn hafi verið ályktað óeignarhæft til einkaeignar í flestum formum, getur aðili eða aðilar engu að síður átt yfir því ákveðnar heimildir og þarf því að skoða hverskonar heimildir eðlilegt er að slíkur aðili eða aðilar hafi yfir því að ráða þegar horft er til eðlis þess og þýðingar.

5.2.1. Löghæfi aðila til eignar

Fyrir það fyrsta verður sá aðili eða aðilar sem umræðir að hafa löghæfi til eignar. Í íslenskum rétti teljast þeir tæmandi taldir, einstaklingar, einn eða fleiri saman, lögaðilar, ríkið og stofnanir þess.¹⁴⁴

5.2.2. Ríkis- eða þjóðareign

Af þessari upptalningu vaknar áleitinn spurning, hvað með þjóðina? Í íslenskum lögum er á þó nokkrum stöðum kveðið á um þjóðareign eða sameign íslensku þjóðarinnar.¹⁴⁵ Er því ekki best og í samræmi við kaflann „Grundvöllur eignar“ að þjóðin ætti vatnið, að það yrði þjóðareign? Í umfjölluninni um grundvöll eignar, var sú ályktun dregin að það væri samfélagssáttmálinn öðru fremur, sem lægi réttindum á borð við rétti til lífs, frelsis og eigna til grundvallar. Vegna þessa og í ljósi þýðingar vatnsins væri enn fremur eðlilegt að samfélagið kæmi með einhverjum

¹⁴² Fylgiskjal 9. – Breytingartillaga minnihluta vatnamálanefndar [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 487, bls. 815].

¹⁴³ Fylgiskjal 10. – Breytingartillagan sem samþykkt var sem 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 541, bls. 902] sbr. samþykkt hennar B- deild, dálkar 1975 og 1976, sbr. endalega samþykkt frumvarp til vatnalaga 15/1923 [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 593, bls. 987].

¹⁴⁴ Þorgeir Örlygsson, (1998), bls. 15-16 í *Kaflar úr eignarrétti I* og Eyvindur G. Gunnarsson, (2009), bls. 375.

¹⁴⁵ Vísað er hér til 3. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þar sem segir: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar“ og 1. ml. 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, þar sem segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“.

hætti að ákvörðunartöku um það hvernig fara skyldi með réttindi yfir því, ef löggjafinn tæki þá ákvörðun að haga eignarhaldinu í andstöðu við samfélagsandann, þjóðlegan eða alþjóðlegan. Samfélagssáttmálinn er þannig ekkert annað en grundvöllur fullveldisins sem ríkisvaldið sækir rétt sinn til og leiðbeining eða forsjón samfélagsins í kosningu um svo mikilvægt málefni sem vatn er, væri ekkert annað en varfærið skref inn uppruna valdsins.

Í þessu ljósi, frekar heldur en merkingarfræðilega, þarf að skoða hugtakið þjóðareign. Í orðmyndinni felst nefnilega lagatæknilegur galli. Gallinn er sá, að þjóðin er ekki aðili að lögum og því ekki hæf til að fara með nein þau réttindi sem henni yrðu fengin yfir vatni.¹⁴⁶ Nauðsynlegt reynist því að fara í þau gögn sem varpa ljósi á hvað það er sem felst í hugtakinu „þjóðareign“ til að sjá hvort að það samræmist þeim hugmyndum sem komið hafa fram hér að ofan. Ágæta skilgreiningu á grundvelli og inntaki hugtaksins er að finna í *skýrslu Auðlindanefndar* frá árinu 2000, þar sem m.a. sagði:

Í sjálfu sér má segja að þessu nýja formi á eignarrétti fylgi sömu heimildir og talið hefur verið að felist í *fullveldisrétti ríkisins*. Sá er þó munurinn að ofangreindar náttúruauðlindir eru lýstar eign þjóðarinnar og þar með girt fyrir að aðrir aðilar geti eignast beinan eignarrétt að þeim [...]. [Leturbreyting mín, S.S]

Vegna þess að *þjóðin er ekki lögaðili og þar með ekki bær til að vera eiginlegur eigandi að lögum* með sama hætti og ríkið er nauðsynlegt að kveða nákvæmlega á um það að handhafar löggjafar- og framkvæmdarvalds, þ.e. Alþingi og stjórnvöld, fari með þær eignarréttarheimildir sem í hinu nýja eignarformi felast í *umboði þjóðarinnar*.¹⁴⁷ [Leturbreyting mín, S.S]

Af þessum orðum má vel sjá, að grundvöllur þjóðareignar er í raun fullveldisréttur ríkisins og ef skrefinu ofar er stigið, samfélagssáttmálinn. Rímar það við það sem áður hefur verið sagt um „grundvöll eignar“ en ávallt þarf þó, að eftirláta einhverjum aðila sem til þess hefur hæfi að lögum, að fara með vatnsheimildirnar. Hér þarf að hægja gönguna og fara varlega, því miklu skiptir hvað heimildirnar eru kallaðar, þegar horft er til þess hvernig inntak þeirra gæti verið túlkað í komandi framtíð og framkvæmd.

Það sem hér er átt við, er að miklu skiptir að vatn sé skýrlega í settum rétti lýst óeignarhæft til að þeim lögaðila sem fengnar verða vatnsheimildirnar í hendur geti ekki nefnt þær eign og ráðstafað þeim með tilheyrandi hætti. Þetta er hægt að skýra með ágætu máli sem samtímis varpar skugga á þann skilning meirihluta *Fossanefndar* samkvæmt allsherjarstefnu þeirra, að ekki væri teljandi munur, ef horft væri til yfirráða, hvort vatn væri ríkiseign eða lýst óeignarhæft.

¹⁴⁶ Sigurður Línal, (2007), bls. 63 í *Um þjóðareign* og Davíð Þorláksson, (2007), bls. 40.

¹⁴⁷ Auðlindanefnd, (2000), bls. 25 – kafli 2.5.2, þjóðeignarréttur.

Með í förina gætum við haft hugtakið þjóðlenda samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.¹⁴⁸

Þannig var mál að vexti að þann 24. janúar, árið 2006 lagði forsætisráðherra fram frumvarp sem fól í sér að afsala Landsvirkjun til beinnar eignar, ákveðnum hluta af afrétti Gnúpverjahreppar sem taldist þjóðlenda og nánar tilgreindum vatnsréttindum.¹⁴⁹ Var þetta gert vegna þess að eigendur Landsvirkjunar töldu réttindi sín ótrygg en þeir höfðu ávallt gengið útfrá óskorðum eignarrétti sínum að þessum andlögum.¹⁵⁰ Var frumvarpið afturkallað en ef það hefði náð fram að ganga, hefði þjóðlenda sem samkvæmt 2. gr. þjóðlendulaga er skilgreind sem ríkiseign, verið ráðstafað endanlega og að fullu til einkaréttarlegs lögaðila, sameignarfélags.¹⁵¹ Þrátt fyrir að skýrlega kæmi fram í athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga að ríkið hefði ekki samþærilegar eignarheimildir yfir þjóðendum og öðrum einkaréttarlegum eigum sínum.¹⁵²

Þrátt fyrir afturköllun, varpar málið þó engu að síður vel ljósi á þá hárfínu reiti sem á er telft. Heilmiklu virðist þannig geta skipt hvað heimildirnar sem fengnar eru þeim aðilum sem fara með forráð þeirra, eru kallaðar. Ríkiseign á vatni er því ekki það sama og ríkisforráð á andlagi sem óhæft er einum aðila til eignar, eins og allsherjarmenn héldu fram í *Fossadeilunni*, því alltaf er hætta á því að aðili sem fer með óheft eignarumráð ákveði að framselja réttindin að fullu til annars aðila.

Sá aðili gæti verið hálfopinber á þeim tímapunkti en í nútíma viðskiptaumhverfi skipast vindar fljótt eða gerðu það a.m.k. meðan einkavæðing vakti yfir þjóðinni. Hálfopinber aðili í dag gæti þannig verið orðin einkaaðili á morgun. Til að mæta þessari hættu við smíð sína á stjórnarskrár-ákvæði um auðlindir í þjóðareign, setti *Auðlindarnefnd* eftirfarandi fyrirvara í 2. mgr. ákvæði síns, „Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila“.¹⁵³

¹⁴⁸ Hér eftir (þjóðlendulög).

¹⁴⁹ Alþingistíðindi, (2006), Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 132. löggjafarþingi, þskj. 681 – 456. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0681.html> [sótt á vefinn 30.8.2010].

¹⁵⁰ Fylgiskjal 11. – Umsögn Landsvirkjunar um 456. mál, 132. löggjafarþingi, þskj. 681- 456. mál. Erindi nr. 132/1106, bls. 1-2. Einkum 2. mgr. á bls. 2, er segir, „hafa ætíð gengið útfrá því að [...] væru óskorðuð eign þess“.

¹⁵¹ Alþingistíðindi, (2007), Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar - Afturkallað, 133. löggjafarþingi, þskj. 472 – 415. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0472.html> [sótt á vefinn 30.8.2010]. Um stöðu Landsvirkjunar sem sameignarfélags, segir þannig nú í 1. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, „Landsvirkjun er sameignarfélag ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. [...] fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili“. Annað eignarhald var þó við lýði á þeim tíma sem frumvarpið var lagt fram en þá átti ríkið helming á móti Reykjavíkurborg (44%) og Akureyrarbæ (6%).

¹⁵² Alþingistíðindi, (1997), Frumvarp til þjóðlendulaga - 1. kafli athugasemda, 122. löggjafarþingi, þskj. 598 – 367. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/122/s/0598.html> [sótt á vefinn 29.8.2010].

¹⁵³ Auðlindanefnd, (2000), bls. 27 – kafli 2.5.4, Tillaga að nýju stjórnarskrárákvæði.

5.2.3. Forsjáraðilar vatns

Í inngangi var markmiðum ritgerðarinnar lýst og eitt þeirra var að setja fram ályktun um hvaða aðilar gætu átt vatn og hverskonar réttindi væri eðlilegt að þeir hefðu yfir því að ráða þegar horft væri til eðli þess og þýðingar. Vatn hefur svo hér verið fundið að meginstefnu óeignarhæft en að þeir aðilar sem hefðu til þess hæfi að lögum gætu þó átt yfir því ákveðin réttindi.

Eitt af því sem gerir vatn óeignarhæft er almannaréttarlegt mikilvægi þess, þegar horft er til þýðingar en ekki eðli. Almennigur er þjóðin öll og gestir hennar og vel mætti því gangast við þjóðeignarhugtaki í tilviki vatnsins ef skýrlega væri tekið fram í settum rétti að sá lögaðili sem færi með heimildir yfir því í nafni þjóðarinnar, ætti ekki beinan rétt að því né heimildir sem gerðu honum fært að ráðstafa því endanlega, eða gera gjörninga sem gættu leitt til sömu niðurstöðu. Er þar skemmst að minnast veðsetningu aflaheimilda í frjálsum og vörslulausum fiski, sem rómverski rétturinn hefur svo réttilega nefnt, *res nullius*, einskins manns eign.¹⁵⁴

Ekki er þannig nauðsynlegt í tilviki náttúruauðlinda að fyrir sé beinum rétti að fara sem óbeinan rétt megi leiða af eins og nánast undantekningarlaust er skilyrðið á öðrum eignarsviðum og felst raunar í eðli óbeinna réttinda.¹⁵⁵ Heldur stafar hinn óbeini réttur aðeins af þeirri staðreynd að til eru náttúruleg gæði á jörðinni, sem allir jarðarbúar eiga afnotarétt af, til halda í sér lífi.

Óþarft er því og raunar óheppilegt að kalla réttindi yfir vatni eign eða eignarrétt, nema að því marki sem það er talið hæft til einkaeignar. Heppilegra væri því að nota orðið þjóðarforsjá heldur en þjóðareign, eða jafnvel ríkisforsjá. Hvort forsjárnafnið sem notað væri, yrði það alltaf ríkisvaldið í umboði þjóðarinnar sem færi með endanleg boðvald yfir meiriháttar vötnum undir slíku fyrirkomulagi.

Slíkt fyrirkomulag myndi ennfremur heimta að umráðum landeiganda yfir meiriháttar vötnum yrðu skorður settar í tilliti framsals og skuldsetningar, enda hefði forsjáraðilinn, sem endalegt boðvald hefði, sjálfur ekki heimildir til varanlegs framsals.

Eigendur vatns gætu því allir þeir verið sem löghæfi til eignar hefðu, að því marki sem vatnið væri eignarhæft. Ennfremur sömu aðilar átt að óeignarhæfu vatni, umráða- og hagnýtingarrétt á þann hátt sem heimildir væru fyrir og lög leyfðu.

¹⁵⁴ Veðsetning er skuldsetningar- og tryggingarréttur. Ef lán hefur verið veitt veðsala sem hann getur ekki greitt, getur orðið um að ræða, endanlegt framsal veðsetts andlags til veðhafa. Óæskilegt getur því verið að heimila veðsetningu óhæfs andlags, sem ekki má færast varanlega í hendur neins, né veðsetjast eitt og sér, með öðru andlagi. Líkt og heimilað hefur verið í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð.

¹⁵⁵ Gaukur Jörundsson, (1982), bls. 5 – kafli 1.4.2. Þorgeir Örlygsson, (1998), bls. 22-25 í *Kaflar úr eignarrétti I.* og Eyvindur G. Gunnarsson, (2009), bls. 379-380.

6. Niðurstöður

Hingað til hefur í íslenskri lagasetningu, verið forðast að slá neinu föstu um eignarhæfi vatns eða að kveða endanlega á um eignarréttarlega stöðu þess.¹⁵⁶ Deila fræðimanna hefur helst snúið að því hvort eldri lagasetning (gömlu vatnalög) og réttararfleifð hafi játað eignarrétt að vatninu sjálfu eða hvort aðeins mætti eiga að því nýtingarrétt. Þegar betur er að gáð, inniheldur þessi deila í raun spurninguna um eignarhæfi vatns, sem aðkomendur gömlu vatnalaga læddust þó frá því að svara beinum orðum sbr. fótnótu hér að neðan.

Í leitum sínum að svörum hafa fræðimenn dregið mismunandi ályktanir af gömlu vatnalögum og undirbúningsgögnum þeirra. Það eru þeir sem talið hafa stefnu minnihluta *Fossanefndar*, séreignarstefnuna, hafa orðið ofan á við lögfestingu gömlu vatnalaga. Hér hefur þó verið sýnt fram á að það var í raun minnihluti vatnamálanefndar, þeir Bjarni Jónsson og Jón Þorláksson, sem báru frekar stefnu meirihluta *Fossanefndar* í brjósti, sem lögðu fram breytingartillöguna á 2. gr. sem að lokum varð ofan á við lögfestingu frumvarpsins.¹⁵⁷ Sú breytingartillaga var upphaflega saminn af meirihluta *Samvinnunefndar*, sem gekk útfrá óeignarhæfi vatns.¹⁵⁸

Þá er tæplega hægt að fallast á það sjónarmið að lögin gangi svo langt í því að fela landeiganda heimildir yfir vatni, að í raun felist í þeim beinn eignarréttur. Fyrir það fyrsta yrði þá að setja spurningarmerki við þá jákvæðu skilgreiningarleið sem farin er í 2. gr. laganna, ef landeiganda væru ætluð slík eignarráð. Jákvæða skilgreiningarleiðin hefur þannig verið talin merki þess að um takmörkuð eða óbein eignarráð sé að ræða.¹⁵⁹ Það er nefnilega svo að þrátt fyrir að flestar jákvæðar heimildir felist í rétti landeiganda yfir vatni.¹⁶⁰ Þá er hin neikvæða heimild, þ.e. réttur til að útiloka aðra frá nýtingu vatnsins ekki þar með talin, þar sem öðrum aðilum er samkvæmt lögunum heimiluð tiltekin réttindi að vatni, sem landeigandi getur ekki staðið í vegi fyrir.

¹⁵⁶ Má sjá þessu stað í athugasemdum 2. gr. frumvarpsins frá (1921), A-deild, 33. löggjafarþingi, þskj. 19, bls. 180 sbr. fylgiskjal 6. - Þar sem sagði: „Svo sem fyr er sagt og svo sem báðir hluta fossanefndar hafa gert, er hjer látið liggja milli hluta, hvaða nafni rjettur landeiganda yfir vatni skuli nefndur. Um það er lögfræðin látin, hvaða nafni hún vill nefna þennan rjett“. - Það að breyta greininni eins og hún stóð í þessu frumvarpi í þá átt sem raunin varð við samþykkt laganna árið 1923, þ.e. frá neikvæðum hætti til jákvæðrar og tæmandi upptalningar, veitir þó góða vísbendingu um inntak þess réttar sem löggjafinn var að játa landeiganda. Má því segja að þrátt fyrir að löggjafinn hafi ekki endanlega kveðið á um sambærileika réttarins við eignarrétt í upphaflega frumvarpinu árið 1921, þá liggi í raun fyrir afstaða hans árið 1923, bæði í undirbúningsgögnum og með þeirri skilgreiningarleið sem hann valdi.

¹⁵⁷ Fylgiskjal 12. – Breytingartillaga minnihluta vatnamálanefndar [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 487, bls. 815] sbr. breytingartillagan sem samþykkt var sem 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 541, bls. 902] sbr. óbreytt upphaflegt frumvarp [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 485, bls. 770] sbr. samþykkt tillögu B-deild, dalkar 1975 og 1976, sbr. endalega samþykkt frumvarp [Alþingistíðindi, (1923), A-deild, 35. löggjafarþing, þskj. 593, bls. 987].

¹⁵⁸ Fylgiskjal 8. – Nefndarálit meirihluta *Samvinnunefndar* [Alþingistíðindi, (1921), A-deild, 33. löggjafarþing, þskj. 400, bls. 999].

¹⁵⁹ Í norskum rétti er útfrá því gengið að jákvæð skilgreining eignarréttinda, feli í sér að um takmörkuð eða óbein eignarréttindi sé að ræða, sjá Falkanger, T. og Falkanger A.T. (2007), bls. 40.

¹⁶⁰ Þ.e. umráðaréttur, ráðstöfunaréttur, hagnýtingarréttur, skuldsetningar- og tryggingarréttur og arfleiðsluréttur.

Einkarétti er því ekki fyrir að fara en hann er grundvallarþáttur í beinum eignarrétti.¹⁶¹ Ef fram hjá þessu væri horft og aðeins horft til hinna jákvæðu heimilda, mætti kannski betur skilja þá ályktun að réttur yfir vatni líktist beinum eignarráðum.

Allt vísar þetta til þess að í lögnum sé innbyrðis samræmi, þar sem landeiganda er aðeins ætlaður sá umráða- og hagnýtingarréttur sem 2. gr. samkvæmt orðanna hljóðan kveður á um og löggin telja upp með tæmandi hætti. Enda hefur Hæstiréttur Íslands í nýlegum dómsúrlausnum sínum kveðið skýrt á um að vatn sé ekki eign tiltekins manns sem slíkt en tilteknar nýtingarheimildir þess geti verið háðar einstaklingseignarrétti.

Hér hefur þó ekki aðeins verið horft einangrað til þess sem gömlu vatnalögin og undirbúningsgögn þeirra segja um eignarhæfi vatns heldur jafnframt skoðaðar þær réttarhugmyndir og arfur sem horft var til þegar þau voru saminn. Engum getur dulist að rómverskur réttur réð þar miklu og að samkvæmt honum voru allar meiriháttar vatnastöður óeignarhæfar.

Þá var einnig horft á spurninguna um eignarhæfi vatns í gegnum augu næstu nágrannaþjóða okkar. Bendir sú sýn til þess að þær þjóðir játi aðeins umráða- og nýtingarrétt að vatni og að grundvallarreglan sé óeignarhæfi vatns, þar sem rökum um þjóðlega venjureglu fyrir beinum eignarráðum á vatni hefur verið hafnað á sama grundvelli og hér.

Sá grundvöllur er að rómversk réttararfleifð vísi til óeignarhæfis vatns, sem þó bar einkaeignarréttinn hátt og að germönsk arfleifð vísi fremur í átt til ríkisstefnu en séreignarstefnu.¹⁶² Enn fremur að einhlítar ályktanir verði ekki dregnar af sögninni að „eiga“ í fornlögum eins og *Gulþingslögum*, þar sem not sagnarinnar séu svo margvísleg og mismærkjandi í gömlu textunum.

Eignargrundvöllur vatns var skoðaður og fundinn vera brúin milli náttúru- og vildarréttarins. Með öðrum orðum að réttur til vatns væri náttúrulegur í ljósi þýðingar þess fyrir lífsafkomu hvernar manneskju, en lyti þó á endanum boðvaldi samfélagsins, sem skyldi með beinum hætti koma að ákvörðun um eignarhald á vatni ef löggjafinn ætlaði sér að haga því á skjön við samfélagsandann, þjóðlegan sem alþjóðlegan.

¹⁶¹ Aagot V. Óskarsdóttir, (2008), bls. 209, í *Minnisblað um vatnsréttindi og eignarrétt að auðlindum*.

¹⁶² Sjá Gaukur Jörundsson, (1970), bls. 18, þar sem hann bendir á hvað mjög rómverski eignarrétturinn var skefja lítill og bar hátt merki einstaklingshyggjunnar [sem á móti sýnir sérstöðu vatnsins vel] [Athugasemd mín, S.S] og sami höfundur bls. 27 um takmarkaðan einkaeignarrétt að landsgæðum í norska óðalsskipulaginu vegna þess að gæðin heyrðu endanlega til konungs, sbr. ríkisstefnu. Óðalsskipulagið er ættað úr germönskum rétti og skylt lénskipulaginu, þrátt fyrir að lénskipulagsins sjálfs hafi lítið gætt á norðurlöndum sbr. sama höfund bls. 30-31.

Markmið höfundar hafa hér verið að freista þess að svara því, í hvaða formi, mynd, stöðu eða rennsli, vatn væri hæft til eignar. Hver gæti átt það og hverskonar réttindi væri eðlilegt að aðili eða aðilar, hefðu yfir því að ráða, þegar horft væri til eðlis þess og þýðingar. Svörin við þessum spurningum hafa verið sett fram í formi ályktanna sem saman skipa eftirfarandi niðurstöður:

Eðli rennandi vatns í hlutaréttarlegu, rökfræðilegu og sérgreiningarlegu tilliti, bendir til þess að það verði að telja að meginstefnu óeignarhæft. Á það jafnt við vatn sem er á yfirborði jarðar og það sem er undir yfirborðinu. Meiriháttar vatnastöður teljast það líka vegna „þýðingar“ þeirra fyrir allan almenning. Undantekningin frá þessar meginreglu eru minniháttar vötn sem ekki eru mikilvæg í almannaréttarlegu tilliti. Munu lindir tæplega heyra undir þá undantekningu, þar sem vatnsuppkoma og rennsli frá þeim getur verið umtalsvert og almannaréttarlega mikilvægt.

Vatn í gufuhvolfinu hefur ávallt verið talið hafa stöðu allsherjargagns líkt og andrúmsloftið. Er það eðlilegt í ljósi mikilvægis þess fyrir hringrás lífs á jörðinni og raunar skýrt dæmi þess sem náttúrulegur heimtar að sé óeignarhæft allsherjargagn. Ennfremur því sem það verður seint talið hafa nánari tengsl við einn aðila öðrum fremur. Hér hefur þó verið bent á að kannski væri ráðlegt að lýsa yfir óeignarhæfi vatns í gufuhvolfinu í settum rétti þar sem breyttar aðstæður, nýtingarmöguleikar og mikilvægi þess fyrir lífshringrásina gæti auðveldlega skapað vandræði í framtíðinni. Með settum rétti er ekki endilega átt við landsrétt, heldur falla slíkar yfirlýsingar frekar undir þjóðarétt og alþjóðasáttmála, eins og t.d. hefur verið gert í tilviki hafsins.

Vatn í föstu formi er á margan hátt sérstakt og kemur það til vegna þess að þær hlutaréttarlegu takmarkanir sem vatn gjarnan lýtur, eiga ekki við um það í föstu formi. Það hefur því hér verið talið að meginstefnu eignarhæft og að rétturinn yfir því fari saman með beina eignarréttinum yfir fasteigninni sem það liggur á.

Eigendur að rétti yfir vatni hafa hér verið taldir allir sem löghæfi hafa. Engum má þó veita svo víðtækar heimildir að vatni að hann geti fullkomlega og endanlega ráðstafað því til einkaaðila sem getur útilokað náttúrulegan rétt annarra aðila eða lífríkis til þess. Endanlegt boðvald yfir meiriháttar vötnum mætti fela stjórnvaldi og kalla þau umráð þjóðar- eða ríkisforsjá.

Meginreglan er því „að straumvatn og stórar vatnastöður séu óeignarhæfar“ en árétta skal að þar er aðeins átt við til fullrar og beinnar eignar. Hún ætti aftur á móti ekki að breyta verulega daglegu sambandi landeiganda við vatn á landi sínu. Þótt þar kæmu trúlega til einhverskonar hömlur á umráðarétti hans, varðandi framsal og veðsetningu meiriháttar vatna.

Gömlu vatnalögin gætu því vel þjónað undir reglunni „vatn er að meginstefnu óeignarhæft“, enda hefur sú ályktun verið dregin að slík regla hafi raunar legið lögunum til grundvallar við samþykkt þeirra. Þeim þyrfti því ekki að gerbreyta og tvískipting þeirra í meiriháttar- og minniháttar vötn hentar mjög vel. Endurskoða þyrfti þó stöðu linda og sérkafla þyrfti að helga grunnvatni.¹⁶³ Sum ákvæði þyrfti að laga að framtíðinni og önnur að setja. Vel mætti við þær breytingar horfa til þeirra nágretta okkar sem hlýtt hafa kalli alþjóðasamfélagsins og lagað vatnalöggjöf sína að göngunni inn í nýtt árþúsund.

¹⁶³ Eins og gert hefur verið með 8. kafla norsku vatnalaganna nr. 82/2000, Lov om vassdrag og grunnvann.

7. Heimildaskrá

Alþingistíðindi

Aagot V. Óskarsdóttir. (2007). Nokkur orð um eignarhugtakið í Landbrigðisþætti Grágásar. *Rannsóknir í félagsvísindum VIII, lagadeild*, bls. 11-28. Ritstjóri: Pétur Dam Leifsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Aagot V. Óskarsdóttir. (2008). Hver á vatnið?. *Úlfljóttur*, 46(4). bls. 87-114

Aagot V. Óskarsdóttir. (2008). Minnisblað um osmósuvirkjanir. *Skýrsla vatnalaganefndar*, bls. 214-215. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið

Aagot V. Óskarsdóttir. (2008). Minnisblað um vatnsréttindi og eignarétt að auðlindum. *Skýrsla vatnalaganefndar*, bls. 207-213. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið

Aagot V. Óskarsdóttir. (2008). Norræn löggjöf um vatn og vatnsréttindi og samanburður við vatnalög nr. 20/2006. *Skýrsla vatnalaganefndar*, bls. 207-213. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið

Anker, H.T. (2006). Beskyttelse og udnyttelse af vandressourcer. *Miljøretten, bind 3 - Affald, jord, vand og råstoffer*, bls. 447-556. Ritstjóri: Basse, E. M. Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomforbundets forlag

Aristóteles. (1941). *Rhetorica. The basic works of Aristotle*, bls. 1325-1451. Ritstjóri: McKeon, R. New York: Random House Inc.

Auðlindanefnd. (2000). Álitsgerð. *Skýrsla auðlindanefndar árið 2000*, bls. 9-71. Reykjavík: Forsætisráðuneytið

Bjarni Jónsson. (1919). Eignarrjettur yfir vatni - ritgerð. *Í nefndaráliti meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919 með ritgerðum og fylgiskjölum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg

Brandt, F. (1881). *Forslag til Lov angaaende vassdragenes benyttelse med motiver og anhang*. Kristiania: Kongelige vassdragskommission

Brækhus, S. og Hærem, A. (1964). *Norsk Tingsrett*. Oslo: Universitetsforlaget

- Cook, S.A. (1903). *The law of Moses and the code of Hammurabi*. London: Adam and Charles Black
- Davíð Þorláksson. (2007). Getur þjóð átt eign. *Þjóðareign, þýðing og áhrif stjórnarskrárákvæðis um þjóðareign á auðlindum sjávar*, bls. 15-52. Ritstjóri: Birgir Tjörvi Pétursson. Reykjavík: Bókafélagið Uglya
- Einar Arnórsson. (1919). Um vatnsrjettindi - ritgerð. *Í nefndaráliti meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919 með ritgerðum og fylgiskjöllum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg
- Eiríkur Tómasson. (2008). Lögfræðialit um lög nr. 20/2006. *Skýrsla vatnalaganefndar*, bls. 175-194. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið
- Eyben, W.E. (1983). *Formuerettigheder*. Kaupmannahöfn: Akademisk forlag
- Eyvindur G. Gunnarsson. (2005). Meginatriði íslensk vatnsréttar. *Rannsóknir í félagsvísindum VI, lagadeild*, bls. 143-174. Ritstjóri: Róbert R. Spanó. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). Eignaréttur. *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*, bls. 371-433. Ritstjóri: Róbert R. Spanó. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex
- Falkanger T. (1993). *Tingsrett*. Osló: Universitetsforlaget
- Falkanger T. og Falkanger A.T. (2007). *Tingsrett*. Osló: Universitetsforlaget
- Falkanger, T. og Haagensen, K. (2002). *Vassdrags- og energirett*. Oslo: Universitetsforlaget
- Freysteinn Sigurðsson. (1992). Hlutur grunnvatns í vatnsafli. *Skýrsla Orkustofnunar árið 1992*, bls. 10. Reykjavík: Orkustofnun
- Freysteinn Sigurðsson. (2005). Vatn og vatnafar á Íslandi – Viðfangsefni vatnalaga. *Rannsóknir í félagsvísindum VI, lagadeild*, bls. 175-205. Ritstjóri: Róbert R. Spanó. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson. (1990). Lekt íslenskra jarðefna - erindi. *Vatnið og landið, vatnafræðiráðstefna í tilefni 20 ára afmælis Orkustofnunar árið 1987*. bls. 121-128. Ritstjóri: Guttormur Sigurbjarnarson. Reykjavík: Orkustofnun
- Fossanefnd. (1919). Almenn umfjöllun. *Í Nefndaráliti meirihluta fossanefndar er birt var árið 1919 með ritgerðum og fylgiskjöllum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg

- Gaius. (1896). *The Institutes of Gaius and Rules of Ulpian*. (Muirhead, J. þýddi). Edinburg: Clark, T.&T. Booksellers
- Gaukur Jörundsson. (1969). *Um Eignarnám*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs
- Gaukur Jörundsson. (1970). Saga stjórnskipulegrar eignaverndar. *Útljótur*, 23(1). bls. 5-75
- Gaukur Jörundsson. (1982). *Eignaréttur I*. Reykjavík: Höfundur (fjölrit)
- Gaukur Jörundsson. (1983). *Eignaréttur II*. Reykjavík: Höfundur (fjölrit)
- Guðmundur Björnsson. (1919). Um vatnastjórnsemi annarra þjóða - ritgerð. *Í nefndaráliti meiri -hluta fossanefndar er birt var árið 1919 með ritgerðum og fylgiskjölum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg
- Guðmundur Eggerz. (1919). Rjettindi yfir vatni - ritgerð. *Í nefndaráliti minnihluta fossanefndar er birt var árið 1919 með ritgerðum og fylgiskjölum*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg
- Guðmundur Pálmason. (2005). *Jarðhitabók – eðli og nýting auðlindar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
- Gunnar G. Schram. (1999). *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Grotius, H. (1918). *De jure belli ac pacis*. (Campbell, A.C. Þýddi). London: Þýðandi
- Helgi M. Sigurðsson. (2002). *Vatnaflsvirkjanir á Íslandi*. Reykjavík: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
- Hart, H.L.A. (1955, apríl). Are there any natural rights? *The Philosophical Review*, 64(2). bls. 175-191
- Hart, H.L.A. (1994). *The concept of law*. Oxford:University press
- Hobbes, T. (1994). Of the nutrition and procreation of the Commonwealth. *Leviathan – with selected variants from the latin edition of 1668*, bls. 159-165. Ritstjóri: Curley, E. Indianapolis: Hackett publishing
- Hume, D. (1969). Of the origin of justice and property. *A Treatise of Human nature*, bls. 536-552. Ritstjóri: Mossner, E.G. London: Penguin books

- Jústinaníus, F.P.S. (1896). *The Institutes of Justinian*. (Moyle, J.B. þýddi). Oxford: University press
- Jústinaníus, F.P.S. (1904). *The Digest of Justinian – Volume I*. (Monro, C.H. þýddi). Cambridge: University press
- Jústinaníus, F.P.S. (2009). *The Digest of Justinian- Volume IV*. (Alan, W. þýddi). Pennsylvania: University press
- Karnov. (1999). *Svensk lagsamling med kommentarer 1999/2000*. Stockholm: Fakta info dirket
- Locke, J. (1993). *Ritgerð um ríkisvald*. (Atli Harðarson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
- Lund, K. (1973). Vassdragsfredning og erstatning. *Lov og rett*, bls. 216-227
- Már Jónsson. (2004). *Jónsbók*. (Már Jónsson tók saman). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Norges offentlige utredninger. (1994). Utredning med forslag til lov om vassdrag og grunnvann. *NOU (1994:12)*. Osló: Nærings- og energidepartementet
- Motzfeldt, U.A. (1908). *Den norske vassdragrets historie indtil aaret 1800*. Kristania: Útgefandi óþekktur
- Ólafur Jóhannesson. (1978). *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík: Iðunn
- Ólafur Lárusson. (1929). Vatnsrjettur. *Skrifaðir kaflar úr hlutarjetti*. Reykjavík: Höfundur (sérprent)
- Ólafur Lárusson. (1950). *Eignaréttur*. Reykjavík: Hlaðbúð
- Platón. (1977). *Gorgías*. (Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
- Ragnar Árnason. (2001). Eignaréttur: Inntak, gæði og efnahagslegt gildi. *Líndæla, Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001*, bls. 459-473. Ritstjóri: Garðar Gíslason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
- Rousseau, J.J. (1994). *Discourse on inequality*. (Franklin, P. þýddi). Oxford: University press

Rousseau, J.J. (2004). *Samfélagssáttmálinn*. (Björn Þorsteinsson og Már Jónsson þýddu).
Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Scheel, H. (1912). *Forelæsnings over Norsk Tingsrett*. Kristania: Höfundur (fjölrit)

Setälä, M. (1999). *Referendums and democratic government - normative theory and the analysis of institutions*. New York: Palgrave Macmillan

Sigurður Gizurarson. (1992). Fossanefndin 1917-1919 – Aðdragandi að setningu vatnalaga nr. 15/1923. *Afmælisrit, Gizur Bergsteinsson níræður 18. apríl 1992*, bls. 103-149. Ritstjóri: Páll Skúlason. Reykjavík: Sleipnir

Sigurður Líndal. (1983). Eignarréttur á landi og orkulindum – erindi flutt á aðalfundi SÍR. *Skýrsla sambands íslenskra rafveitna fyrir árið 1984*. Reykjavík: SÍR

Sigurður Líndal. (2007). *Um lög og lögfræði*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Sigurður Líndal. (2007). Um þjóðareign. *Þjóðareign, þýðing og áhrif stjórnarskrárákvæðis um þjóðareign á auðlindum sjávar*, bls. 53-71. Ritstjóri: Birgir Tjörvi Pétursson.
Reykjavík: Bókafélagið Uglá

Sigurður Líndal. (2008). Minnisblað um vatnalög nr. 20/2006. *Skýrsla vatnalaganefndar*, bls. 195-198. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið

Suksi, M. (1993). *Bringing in the people - a comparison of constitutional forms and practices of the referendum*. Dordrecht: Martinus Nijhoff Publishers

Tómas af Aquino. (2004). *Um lög*. (Þórður Kristjánsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Wacks, R. (2005). *Understanding jurisprudence – An introduction to legal theory*. Oxford: University press

Waldron, J. (1988). *The right to private property*. Oxford: Clarendon Press

Vislie, A. (1944). *Grensene for grunneierens rådighet over vassdrag*. Oslo: Útgefandi óþekktur

Þorgeir Örlygsson. (1998). Hver á kvótann? *Tímarit lögfræðinga*, 48(1). bls. 28-59

Þorgeir Örlygsson. (1998). *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík: Höfundur (fjölrit)

Þorgeir Örlygsson. (1994). Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum. *Afmælisrit, Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*, bls. 547-603. Ritsstjóri: Katrín Jónasdóttir. Reykjavík: Orator

8. Lagaskrá

Járnsíða

Jónsbók

Lög nr. 15/1923, vatnalög

Lög nr. 33/1944, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Lög nr. 53/1957 um lax-og silungsveiði

Lög nr. 42/1983 um Landsvirkjun

Lög nr. 75/1997 um sammingsveð

Lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta

Lög nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum

Lög nr. 20/2006, vatnalög

Lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða

Gulapingslög

Norsk lög frá árinu 1887, Lov om vassdragenes benyttelse

Norsk lög nr. 17/1917, Lov om vassdragsreguleringer

Norsk lög nr. 3/1940, Lov om vassdragene

Norsk lög nr. 82/2000, Lov om vassdrag og grunnvann

Norsk lög nr. 106/2009, Lov om endringer i vassdragsreguleringerloven

Sænsk lög nr. 808/1998, Miljöbalken

Sænsk lög nr. 812/1998, Lag med särskilda bestämmelser om vattenverksamhet

Dönsk lög nr. 927/2009, Vandløbsloven

Dönsk lög nr. 932/2009, Miljømålsloven

Dönsk lög nr. 635/2010, Vandforsyningsloven

9. Dómaskrá

Hrd. 51/1955

Hrd. 163/1961

Hrd. 84/1966

Hrd. 120/2009

Hrd. 122/2009

Rt. 1922:489

10. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Alþingi
Erindi nr. P 132/215
komudagur 28.11.2005

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 –10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til vatnalaga, þskj., 281 mál

Eftirfarandi samtökum, BSRB, Þjóðkirkjunni, Kennarasambandi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, Unifem á Íslandi, Mannréttindaskrifstofu Íslands, MFÍK, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landssambandi eldri borgara, SÍB-Samtökum starfsfólks fjármálafyrirtækja, UMFÍ og Landvernd sem hafa skrifað upp á meðfylgjandi yfirlýsingu „Vatn fyrir alla“, hefur borist til umsagnar frumvarp til vatnalaga, lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006. Ekki vannst tími til að leggja fram sameiginlega umsögn um frumvarp til vatnalaga frá öllum samtökunum sökum þess hve stuttur tími var gefinn til umsagnar, auk þess sem einhver samtakanna munu væntanlega skila eigin umsögn. Eftirfarandi samtök standa sameiginlega að þessari umsögn um frumvarp til vatnalaga; BSRB, SÍB- Samtök starfsfólks fjármálafyrirtækja, UMFÍ –Ungmennafélag Íslands, Landssamband eldri borgara, KÍ – Kennarasamband Íslands, MFÍK, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands og Náttúruverndarsamtök Íslands.

Í eftirfarandi sameiginlegri yfirlýsingu kemur fram meginafstaða samtaka þeirra sem að þessari umsögn standa til vatns og hvernig beri að skipa málum er vatn snerta. Ber að líta á efni yfirlýsingarinnar sem hluta af umsögn samtakanna um frumvarp til vatnalaga:

Vatn fyrir alla

Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggji rétta forgangsroðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsu verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.



Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/60/EB

frá 23. október 2000

um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum

EVROPUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum l. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾, og á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. júlí 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.

2) Í ályktunum ráðherraþings um stefnu Bandalagsins í vatnsmálum, sem haldið var í Frankfurt 1988, var lögð áhersla á nauðsyn þess að setja löggjöf fyrir Bandalagið um vistfræðileg gæði. Í ályktun sinni frá 28. júní 1988 ⁽⁵⁾ fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögur um leiðir til að bæta vistfræðileg gæði yfirborðsvatns í Bandalaginu.

3) Í yfirlýsingu ráðherraþingsins um grunnvatn, sem haldið var í Haag 1991, var viðurkennt að þörf væri á aðgerðum til að koma í veg fyrir að ferskvatn versni til langtíma, bæði að því er varðar gæði og magn, og farið fram á að aðgerðaáætlun, sem hefði að markmiði sjálfbæra stjórnun og vernd ferskvatnsauðlinda, yrði hrundið í framkvæmd eigi síðar en árið 2000. Í ályktunum sínum frá 25. febrúar 1992 ⁽⁶⁾ og 20. febrúar 1995 ⁽⁷⁾ óskaði ráðið eftir aðgerðaáætlun um grunnvatn og endurskoðun á tilskipun ráðsins 80/68/EEB frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna ⁽⁸⁾, sem yrði liður í heildarstefnu um vernd ferskvatns.

4) Æ meiri þrýstingur skapast varðandi vatn í Bandalaginu vegna stöðugt vaxandi eftirspurnar eftir nægu magni af gæðavatni til allra nota. Þann 10. nóvember 1995 lagði Umhverfisstofnun Evrópu fram skýrslu sína „Umhverfismál í Evrópusambandinu – 1995“, uppfærða skýrslu um umhverfismál sem staðfesti nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að vernda vatn í Bandalaginu, bæði að því er varðar gæði og magn.

5) Þann 18. desember 1995 samþykkti ráðið ályktanir þar sem þess var meðal annars krafist að samin yrði ný rammatilskipun um grundvallarreglur sjálfbærrar stefnu í vatnsmálum í Evrópusambandinu og var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram tillögu þar að lútandi.

6) Þann 21. febrúar 1996 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins um stefnu Evrópubandalagsins í vatnsmálum þar sem settar voru fram grundvallarreglur varðandi stefnu Bandalagsins í vatnsmálum.

7) Þann 9. september 1996 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um aðgerðaáætlun um samþætta vernd og stjórnun

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 184, 17.6.1997, bls. 20.
Stjtið. EB C 16, 20.1.1998, bls. 14 og
Stjtið. EB C 108, 7.4.1998, bls. 94.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 355, 21.11.1997, bls. 83.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 180, 11.6.1998, bls. 38.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999 (Stjtið. EB C 150, 28.5.1999, bls. 419), staðfest 16. september 1999, og sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. október 1999 (Stjtið. EB C 343, 30.11.1999, bls. 1). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. september 2000 og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2000.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 209, 9.8.1988, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 59, 6.3.1992, bls. 2..

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 49, 28.2.1995, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/692/EEB (Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).



Economic and Social Council

Distr.
GENERAL

E/C.12/2002/11
20 January 2003

Original: ENGLISH

COMMITTEE ON ECONOMIC, SOCIAL
AND CULTURAL RIGHTS
Twenty-ninth session
Geneva, 11-29 November 2002
Agenda item 3

SUBSTANTIVE ISSUES ARISING IN THE IMPLEMENTATION OF THE INTERNATIONAL COVENANT ON ECONOMIC, SOCIAL AND CULTURAL RIGHTS

General Comment No. 15 (2002)

The right to water (arts. 11 and 12 of the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights)

I. INTRODUCTION

1. Water is a limited natural resource and a public good fundamental for life and health. The human right to water is indispensable for leading a life in human dignity. It is a prerequisite for the realization of other human rights. The Committee has been confronted continually with the widespread denial of the right to water in developing as well as developed countries. Over one billion persons lack access to a basic water supply, while several billion do not have access to adequate sanitation, which is the primary cause of water contamination and diseases linked to water.¹ The

¹ In 2000, the World Health Organization estimated that 1.1 billion persons did not have access to an improved water supply (80 per cent of them rural dwellers) able to provide at least 20 litres of safe water per person a day; 2.4 billion persons were estimated to be without sanitation. (See WHO, *The Global Water Supply and Sanitation Assessment 2000*, Geneva, 2000, p.1.) Further, 2.3 billion persons each year suffer from diseases linked to water: see United Nations, Commission on Sustainable Development, *Comprehensive Assessment of the Freshwater Resources of the World*, New York, 1997, p. 39.

continuing contamination, depletion and unequal distribution of water is exacerbating existing poverty. States parties have to adopt effective measures to realize, without discrimination, the right to water, as set out in this general comment.

The legal bases of the right to water

2. The human right to water entitles everyone to sufficient, safe, acceptable, physically accessible and affordable water for personal and domestic uses. An adequate amount of safe water is necessary to prevent death from dehydration, to reduce the risk of water-related disease and to provide for consumption, cooking, personal and domestic hygienic requirements.

3. Article 11, paragraph 1, of the Covenant specifies a number of rights emanating from, and indispensable for, the realization of the right to an adequate standard of living “including adequate food, clothing and housing”. The use of the word “including” indicates that this catalogue of rights was not intended to be exhaustive. The right to water clearly falls within the category of guarantees essential for securing an adequate standard of living, particularly since it is one of the most fundamental conditions for survival. Moreover, the Committee has previously recognized that water is a human right contained in article 11, paragraph 1, (see General Comment No. 6 (1995)).² The right to water is also inextricably related to the right to the highest attainable standard of health (art. 12, para. 1)³ and the rights to adequate housing and adequate food (art. 11, para. 1).⁴ The right should also be seen in conjunction with other rights enshrined in the International Bill of Human Rights, foremost amongst them the right to life and human dignity.

4. The right to water has been recognized in a wide range of international documents, including treaties, declarations and other standards.⁵ For instance, Article

